

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2013/EES/34/01		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 12/12/COL frá 25. janúar 2012 um áttugustu og fjórðu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldir eru inn nýir kaflar um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu og um rammaákvæði um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu .....	1
	3.	EFTA-dómstóllinn	
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2013/EES/34/02		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6851 – Baxter International/Gambro) .....	27
2013/EES/34/03		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6906 – KKR/Gardner Denver) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	28
2013/EES/34/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6951 – Bain Capital/FTE) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð .....	29
2013/EES/34/05		Leiðrétting á fyrirhugaðri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6921 – IBM Italia/UBIS) .....	30
2013/EES/34/06		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6818 – Deutsche Bahn/Veolia Transport Central Europe) .....	30
2013/EES/34/07		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6841 – Goldman Sachs/TPG Lundy/Tulloch Homes Group Limited) .....	31
2013/EES/34/08		Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkyntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6842 – Goldman Sachs/TPG Lundy/Verna Group) .....	31

<b>2013/EES/34/09</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6854 – Cameron/Schlumberger/OneSubsea) .....	32
<b>2013/EES/34/10</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6880 – Liberty Global/Virgin Media) .....	32
<b>2013/EES/34/11</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6886 – Lindéngruppen/FAM/Höganäs) .....	33
<b>2013/EES/34/12</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6888 – Otsuka/Mitsui/Claris) .....	33
<b>2013/EES/34/13</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6894 – Syral China Investment/Wilmar China New Investments/Liaoning Jinxin Biology & Chemistry) .....	34
<b>2013/EES/34/14</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6896 – SPAR/Allianz/JV) .....	34
<b>2013/EES/34/15</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6898 – RAG Stiftung/Evonik Industries) .....	35
<b>2013/EES/34/16</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6899 – Lion Capital/Avedon Capital Partners/Ad Van Geloven Holding) .....	35
<b>2013/EES/34/17</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6914 – Possehl/Cookson European Precious Metals Business) .....	36
<b>2013/EES/34/18</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6919 – KKR/Bregal Fund/Avenia/Cognita) .....	36
<b>2013/EES/34/19</b>	Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.6926 – Nordic Capital/Unicorn) .....	37
<b>2013/EES/34/20</b>	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins – Mál sem framkvæmdastjórnin hreyfir ekki andmælum við .....	38
<b>2013/EES/34/21</b>	Auglýsing efnahagsþróunarráðuneytis Lýðveldisins Ítalíu með vísan til staflíðar b) í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	41
<b>2013/EES/34/22</b>	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. apríl 2013 til 30. apríl 2013 .....	42
<b>2013/EES/34/23</b>	Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem teknar voru frá 1. janúar 2012 til 31. janúar 2012 .....	42
<b>2013/EES/34/24</b>	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga .....	43

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2013/EES/34/01

12/12/COL

frá 25. janúar 2012

**um áttugustu og fjórðu breytingu á málsmeðferðar- og efnisreglum á sviði ríkisaðstoðar sem felur í sér að felldir eru inn nýir kaflar um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu og um rammaákvæði um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

*að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt staflíð b) í 2. mgr. 5. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól) ber Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út auglýsingar eða leiðbeiningar um mál sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) fjallar um ef sá samningur eða samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól kveða skýrt á um slíkt eða stofnunin álitur það nauðsynlegt.

Hinn 20. desember 2011 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu Evrópusambandsreglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu (Stjtið. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 4) og orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar með heitinu Rammaákvæði Evrópusambandsins um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu (2011, Stjtið. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 15).

Báðar orðsendingarnar varða einnig Evrópska efnahagssvæðið.

Tryggja ber að EES-reglum um ríkisaðstoð sé beitt á sama hátt hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við það markmið, sem sett er í 1. gr. EES-samningsins, að mynda einsleitt efnahagssvæði.

Samkvæmt ákvæðum II. liðar undir fyrirsögninni „ALMENNT“ á bls. 11 í XV. viðauka við EES-samninginn ber Eftirlitsstofnun EFTA, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, að samþykkja gerðir sem samsvara þeim sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt.

Eftirlitsstofnun EFTA leitaði samráðs við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og stjórnvöld í EFTA-ríkjunum með bréfum um þetta efni sem dagsett voru 10. janúar 2012.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að inn er felldur nýr kafli um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu.

Nýi kafllinn er birtur í I. viðauka við ákvörðun þessa.

*2. gr.*

Ákvæði leiðbeinandi reglna um ríkisaðstoð breytast þannig að inn er felldur nýr kafli um rammaákvæði um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu.

Nýi kafllinn er birtur í II. viðauka við ákvörðun þessa.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 25. janúar 2012.

*Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA*

Oda Helen Sletnes  
*Forseti*

Sabine Monauni-Tömördy  
*Stjórnarmaður*

I. VIÐAUKI

(skjalnr. 619999)

Beiting reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu

II. VIÐAUKI

(skjalnr. 619976)

Rammaákvæði um ríkisaðstoð sem er fólgin í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu

## I. VIÐAUKI

**VI. HLUTI: REGLUR UM ENDURGJALD FYRIR ALMANNAÞJÓNUSTU, RÍKISEIGN FYRIRTÆKJA OG AÐSTOÐ VIÐ OPINBER FYRIRTÆKI**

Beiting reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu <sup>(1)</sup>

**1 Tilgangur og gildissvið**

1. Þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu hefur mikilvægu hlutverki að gegna við eflingu samstöðu milli þjóðfélags hópa og byggða. Aðildarríki EES-samningsins verða að gæta þess, hvert á sínu valdsviði, að um starfrækslu slíkrar þjónustu gildi reglur og skilmálar sem eru þess eðlis að þjónustan geti fullnægt settum markmiðum.
2. Sumar tegundir þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu eru þess eðlis að starfræksla þeirra getur hvort heldur sem er verið í höndum opinberra eða einkarekinna fyrirtækja <sup>(2)</sup> án þess að þörf sé á sérstökum fjárhagsstuðningi stjórnvalda í EFTA-ríkjunum. Aðrar tegundir þjónustu verða ekki starfræktar nema hlutaðeigandi stjórnvald hlupi undir bagga með þjónustuveitanda. Þar eð engar sértækar EES-reglur gilda um skipulag og fjármögnun þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu er stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum almennt í sjálfsvald sett hvaða leiðir þau fara í þessu efni.
3. Kaflinn, sem hér birtist, hefur þann tilgang að skýra helstu hugtök sem lögð eru til grundvallar við beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir almannaðjónustu <sup>(3)</sup>. Hann snýst því fyrst og fremst um þær kröfur sem mestu skipta í tengslum við endurgjald fyrir almannaðjónustu.
4. Hinn 20. desember 2011 samþykkti framkvæmdastjórn Evrópusambandsins („framkvæmdastjórnin“) ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu <sup>(4)</sup> (ákvörðun 2012/21/ESB), en í henni eru tilteknar tegundir endurgjalds fyrir þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, sem fela í sér ríkisaðstoð, lýstar samrýmanlegar sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins („sáttmálanum“) með vísan til 2. mgr. 106. gr. sáttmálans og undanþága veitt vegna þeirra frá tilkynningarskyldu samkvæmt 3. mgr. 108. gr. sáttmálans. Fyrirhugað er að fella ákvörðun 2012/21/ESB inn í EES-samninginn eins fljótt og því verður við komið. Samhliða útgáfu kaflans, sem hér birtist, gefur Eftirlitsstofnun EFTA út rammaákvæði um ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannaðjónustu („rammaákvæðin“), en í þeim kemur fram með hvaða skilyrðum lýsa má ríkisaðstoð samrýmanlega EES-samningnum með vísan til 2. mgr. 59. gr. samningsins, sé slík aðstoð veitt vegna þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu sem fellur ekki undir ákvörðun 2012/21/ESB. Þá hyggst framkvæmdastjórnin gefa út sérstaka reglugerð um minniháttaraðstoð í tengslum við þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu („reglugerðina“) og verður þar tekið fram að endurgjald fyrir slíka þjónustu sé í vissum tilvikum ekki ríkisaðstoð í skilningi 107. gr. sáttmálans <sup>(5)</sup>. Sú reglugerð verður felld inn í EES-samninginn þegar hún hefur verið samþykkt.
5. Ákvæði þessa kafla gilda með fyrirvara um önnur ákvæði EES-réttar sem kunna að eiga við, einkum ákvæði um opinber innkaup svo og áskilnað sem leiðir af EES-samningnum, meðal annars sérlægum á sviði viðkomandi atvinnugreina sem felld hafa verið inn í samninginn. Kjósi stjórnvald að fela þriðja aðila starfrækslu tiltekinna þjónustu ber því að virða reglur EES-réttar um opinber innkaup sem finna má í XVI. viðauka við EES-samninginn. Þá ber að nefna að þótt ákvæði tilskipana um opinber innkaup eigi að einhverju eða öllu leyti ekki við (til að mynda

<sup>(1)</sup> Kaflinn, sem hér birtist, samsvarar *auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar um beitingu Evrópusambandsreglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu*, Stjtið. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 4.

<sup>(2)</sup> Samkvæmt 125. gr. EES-samningsins hafa ákvæði hans engin áhrif á reglur samningsaðila um skipan eignarréttar. Af því leiðir að samkeppnisreglur samningsins gilda óháð því hvort eignarhald viðkomandi fyrirtækja er í höndum hins opinbera eða einkaaðila.

<sup>(3)</sup> Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið út nánari leiðbeiningar í skjalinu *Leiðbeiningar um beitingu Evrópusambandsreglna um ríkisaðstoð, innkaup hins opinbera og innra markaðinn gagnvart þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, einkum þó félagslegri þjónustu í almannaðágu*, SEC(2010) 1545 lokaútg., 7.12.2010.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Drög að reglugerðinni voru birt í Stjtið. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 23.

í tengslum við sérleyfisþjónustu og þjónustusamninga í þeim flokkum sem taldir eru upp í II. viðauka B við tilskipun 2004/18/EB <sup>(6)</sup>, en undir það falla meðal annars ýmsar tegundir félagsþjónustu), getur greiðsla endurgjalds engu að síður þurft að fullnægja skilyrðum EES-samningsins um gagnsæi, jafna meðferð, meðalhóf og gagnkvæma viðurkenningu <sup>(7)</sup>.

6. Auk þess sem fram kemur í þessum kafla, ákvörðun 2012/21/ESB og rammaákvæðunum verður hægt að leita til Eftirlitsstofnunar EFTA um svör við einstökum spurningum sem vakna í tengslum við beitingu ríkisaðstoðarreglnanna gagnvart þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu <sup>(8)</sup>.
7. Ákvæði þessa kafla gilda með fyrirvara um viðeigandi dómaframkvæmd Dómstóls Evrópubandalaganna (Dómstólsins) og EFTA-dómstólsins.

## 2 Almenn ákvæði sem lúta að hugtakinu ríkisaðstoð

### 2.1 Hugtökin fyrirtæki og almennur atvinnurekstur

8. Í samræmi við 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins gilda reglur um ríkisaðstoð yfirleitt aðeins þegar viðtakandi aðstoðarinnar er „fyrirtæki“. Þess vegna skiptir það öllu um hvort ríkisaðstoðarreglunum verður beitt hvort veitandi þjónustu, sem hefur þýðingu fyrir almannahagsmunum, skuli teljast fyrirtæki.

#### 2.1.1 Almennar reglur

9. Dómstóllinn hefur ófrávikjanlega skilgreint fyrirtæki þannig að þau séu rekstrareiningar sem hafi með höndum almennan atvinnurekstur, óháð því hver lögformleg staða þeirra sé og hvaðan fjármunir komi til rekstrarins <sup>(9)</sup>. Hvort tiltekin rekstrareining er flokkuð sem fyrirtæki ræðst þannig að öllu leyti af því hvers eðlis starfsemi hennar er. Þessi almenna regla hefur þrenns konar mikilvægar afleiðingar:
  - Í fyrsta lagi er ekki einhlítt að staða rekstrareiningar samkvæmt landslögum ráði því hvort hún telst fyrirtæki. Dæmi um þetta er að nauðsynlegt getur verið að líta á rekstrareiningu sem fyrirtæki í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins enda þótt hún teljist félagasamtök eða íþróttafélag samkvæmt landslögum. Í þessu tilliti skiptir það eitt máli hvort hún hefur með höndum almennan atvinnurekstur.
  - Í öðru lagi er beiting ríkisaðstoðarreglnanna sem slíkra ekki háð því að rekstrareiningin hafi verið sett á fót í þeim tilgangi að ná fram arði. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins og Almenna dómstólsins geta rekstrareiningar stundað framboð á vörum og þjónustu á markaði enda þótt þær séu ekki reknar í hagnaðarskyni <sup>(10)</sup>. Sé svo ekki nær eftirlit með ríkisaðstoð vitanlega ekki til slíkra þjónustuveitenda.
  - Í þriðja lagi miðast flokkun rekstrareiningar sem fyrirtækis jafnan við þá tilteknu starfsemi sem rekin er. Ef starfsemi slíkrar einingar er bæði fölgin í almennum atvinnurekstri og annarri starfsemi ber að líta á hana sem fyrirtæki aðeins með tilliti til fyrrnefndu starfseminnar.
10. Tveir mismunandi lögaðilar geta talist ein rekstrareining með tilliti til beitingar reglna um ríkisaðstoð. Er þá litið svo á að sú rekstrareining sé hið viðkomandi fyrirtæki. Í þessu tilliti horfir Dómstóllinn til þess hvort einhver eigendanna hefur ráðandi hlut og hvort milli þeirra eru rekstrarleg, fjárhagsleg eða skipulagsleg tengsl <sup>(11)</sup>. Rekstrareining, sem annast ekki sjálf framboð á vörum eða þjónustu á markaði, telst hins vegar ekki fyrirtæki vegna þess eins að hún er skráður

<sup>(6)</sup> Sú gerð felld inn í EES-samninginn sem 2. liður XVI. viðauka við samninginn.

<sup>(7)</sup> Mál C-324/98 *Telaustria Verlags GmbH og Telefonadress GmbH* gegn *Telekom Austria AG*, dómasafn 2000, bls. I-10745, bls. 60, og túlkunarorðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvaða ákvæðum Bandalagslögjafar skuli beitt að því er varðar verk- og þjónustusamninga sem falla ekki, eða aðeins að hluta, undir ákvæði tilskipana um opinber innkaup (Stjtið. ESB C 179, 1.8.2006, bls. 2).

<sup>(8)</sup> Spurningum má einnig beina til framkvæmdastjórnarinnar með aðstoð gagnvirkur upplýsingaþjónustu hennar um þjónustu í almannabágu [http://ec.europa.eu/services\\_general\\_interest/registration/form\\_en.html](http://ec.europa.eu/services_general_interest/registration/form_en.html).

<sup>(9)</sup> Sameinuð mál C-180/98 til C-184/98 *Pavlov o.fl.*, dómasafn 2000, bls. I-6451.

<sup>(10)</sup> Sameinuð mál 209/78 til 215/78 og 218/78 *Van Landewyck*, dómasafn 1980, bls. 3125, 21. mgr., mál C-244/94 *FFSA o.fl.*, dómasafn 1995, bls. I-4013, mál C-49/07 *MOTOE*, dómasafn 2008, bls. I-4863, 27. og 28. mgr.

<sup>(11)</sup> Mál C-480/09 P *AceaElectrabel Produzione SpA* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 2010, bls. I-13355, 47.–55. mgr., mál C-222/04 *Ministero dell'Economia e delle Finanze* gegn *Cassa di Risparmio di Firenze SpA o.fl.*, dómasafn 2006, bls. I-289, 112. mgr.

eigandi hluta, jafnvel þótt um meirihlutaeign sé að ræða, ef hlutafjäreignin hefur ekki annað í för með sér en að handhafi geti nýtt rétt sinn sem hluthafi eða eigandi og fengið í sinn hlut, þar sem það á við, arðgreiðslur sem eru aðeins ávöxtur eignarhalds á tiltekinni fjármunaeign <sup>(12)</sup>.

11. Í þeim tilgangi að halda skýrri aðgreiningu milli almenns atvinnurekstrar og starfsemi sem fellur ekki undir slíkan rekstur hefur það verið viðtekin dómafrákvæmd Dómstólsins að hver sú starfsemi, sem er fólgin í sölu á vörum eða þjónustu á tilteknum markaði, skuli teljast almennur atvinnurekstur <sup>(13)</sup>.
12. Svareð við þeirri spurningu hvort starfandi markaður sé fyrir tiltekna þjónustu getur farið eftir því hvaða skipulagi sú þjónusta lýtur í hlutaðeigandi EFTA-ríki <sup>(14)</sup>. Reglur um ríkisaðstoð eiga aðeins við þegar tiltekin starfsemi fer fram í markaðsumhverfi. Þess vegna getur verið munur á því frá einu EFTA-ríki til annars hvort tilteknar tegundir þjónustu teljast almennur atvinnurekstur. Ákvarðanir stjórnvalda og þróun efnahagsmála geta jafnframt leitt til breytinga á flokkun tiltekkinnar þjónustu með tímanum. Þjónusta, sem telst ekki markaðsstarfsemi núna, getur orðið það síðar og öfugt.
13. Sú ákvörðun opinbers stjórnvalds að heimila þriðja aðila ekki að starfrækja tiltekna þjónustu (til að mynda vegna þess að það hyggst annast þjónustuna sjálf) hefur ekki í för með sér að starfsemin geti ekki talist almennur atvinnurekstur. Enda þótt markaðurinn sé lokaður á þennan hátt getur starfsemin talist vera almennur atvinnurekstur ef þannig háttar til að aðrir atvinnurekendur kynnu að vera reiðubúnir til og færir um að starfrækja þjónustuna á markaðnum sem um ræðir. Almenn gildir að sú tilhögun að starfrækja tiltekna þjónustu innan eigin veggja <sup>(15)</sup> breytir engu um það hvort starfsemin er í eðli sínu almennur atvinnurekstur <sup>(16)</sup>.
14. Sökum þess að skipting þjónustutegunda í flokka eftir því hvort þær teljast almennur atvinnurekstur eða ekki ræðst af því hvaða stefnu er fylgt í stjórnáttum og efnahagsáttum í tilteknu EFTA-ríki er ógerlegt að gefa tæmandi yfirlit um starfsemi sem ætla má fyrirfram að geti aldrei talist almennur atvinnurekstur. Slíkt yfirlit myndi ekki leiða til raunverulegrar réttarvissu og væri því lítils virði. Þess í stað er í eftirfarandi málsgreinum leitast við að skýra þennan greinarmun með tilliti til nokkurra mikilvægra málefnaþátta.
15. Enga skilgreiningu á almennum atvinnurekstri er að finna í EES-samningnum og samkvæmt dómafrákvæmd virðist vera munur á því við hvað er miðað að þessu leyti í tengslum við beitingu reglna innri markaðarins annars vegar og samkeppnisréttar hins vegar <sup>(17)</sup>.

### 2.1.2 Meðferð opinberra valdheimilda

16. Af dómafrákvæmd Dómstólsins leiðir að 107. gr. sáttmálans, sem samsvarar 61. gr. EES-samningsins, gildir ekki um athafnir ríkisvaldsins sem snúa að „meðferð opinberra valdheimilda“ <sup>(18)</sup> né um athafnir stofnana, sem hlotið hafa vald sitt frá ríkinu, „að því leyti sem þær koma fram sem stjórnvöld“ <sup>(19)</sup>. Athafnir rekstrareiningar geta talist snúa að meðferð hennar á opinberum valdheimildum þegar starfsemin, sem um ræðir, er verkefni sem fellur undir grundvallarhlutverk ríkisins eða tengist því hlutverki vegna eðlis síns, markmiðs og þeirra reglna sem settar hafa verið um það <sup>(20)</sup>. Hafi stjórnvöld í EFTA-ríkinu ekki ákveðið að nýta sér

<sup>(12)</sup> Mál C-222/04 *Ministero dell' Economia e delle Finanze* gegn *Cassa di Risparmio di Firenze SpA o.fl.*, dómasafn 2006, bls. I-289, 107.–118. og 125. mgr.

<sup>(13)</sup> Mál 118/85 *Framkvæmdastjórn* gegn *Ítalska ríkinu*, dómasafn 1987, bls. 2599, 7. mgr., mál C-35/96 *Framkvæmdastjórn* gegn *Ítalska ríkinu*, dómasafn 1998, bls. I-3851, 36. mgr., sameinuð mál C-180/98 til C-184/98 *Pavlov o.fl.*, 75. mgr.

<sup>(14)</sup> Sameinuð mál C-159/91 og C-160/91 *Poucet og Pistre*, dómasafn 1993, bls. I-637.

<sup>(15)</sup> Sbr. álit Geelhoed lögsögumans í máli C-295/05 *Asociación Nacional de Empresas Forestales (Asemfo)* gegn *Transformación Agraria SA (Tragsa)* og *Administración del Estado*, dómasafn 2007, bls. I-2999, 110.–116. mgr., reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á járnbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70, Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1, 2. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr., ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/501/ESB frá 23. febrúar 2011 um ríkisaðstoð C 58/06 (áður NN 98/05) sem stjórnvöld í Þýskalandi hafa veitt Bahnen der Stadt Monheim (BSM) og Rheinische Bahngesellschaft (RBG) í Verkehrsverbund Rhein-Ruhr, Stjtið. ESB L 210, 17.8.2011, bls. 1, 208.–209. mgr.

<sup>(16)</sup> Jafnframt breytir hún engu um svareð við því hvort þjónustuna megi skilgreina sem þjónustu sem hafi almenna efnahagslega þýðingu, sjá undirkafla 3.2.

<sup>(17)</sup> Mál C-519/04 P *David Meca-Medina og Igor Majcen* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 2006, bls. I-6991, 30.–33. mgr., mál C-350/07 *Kattner Stahlbau*, dómasafn 2009, bls. I-1513, 66., 72, 74. og 75. mgr., álit Poiates Maduro lögsögumans, sem skilað var 10. nóvember 2005 í máli C-205/03 P *FENIN*, dómasafn 2006, bls. I-6295, 50. og 51. mgr.

<sup>(18)</sup> Mál C-118/85 *Framkvæmdastjórn* gegn *Ítalska ríkinu*, 7. og 8. mgr.

<sup>(19)</sup> Mál C-30/87 *Bodson/Pompes funèbres des régions libérées*, dómasafn 1988, bls. I-2479, 18. mgr.

<sup>(20)</sup> Sbr. einkum mál C-364/92 *SAT/Eurocontrol*, dómasafn 1994, bls. I-43, 30. mgr.

markaðsöfl í þessu tilliti gildir sú almenna regla að starfsemi telst ekki almennur atvinnurekstur ef hún fellur með óaðskiljanlegum hætti undir valdheimildir hins opinbera og rekstur hennar er í höndum ríkisins. Dæmi um þetta er starfsemi sem tengist:

- a) her eða lögreglu,
- b) öryggismálum í tengslum við flugleiðsögu og eftirliti með henni <sup>(21)</sup>,
- c) eftirliti með skipaumferð og tengdum öryggismálum <sup>(22)</sup>,
- d) mengunareftirliti <sup>(23)</sup> og
- e) skipulagi, fjármögnun og fullnustu fangelsisrefsinga <sup>(24)</sup>.

### 2.1.3 *Almannatryggingar*

17. Svarið við því hvort kerfi, sem starfrækt eru á sviði almannatrygginga, eiga að teljast fela í sér almennan atvinnurekstur ræðst af því á hvaða grundvelli þau eru reist og hvernig þau eru byggð upp. Dómstóllinn og Almenni dómstóllinn greina í meginatriðum milli kerfa, sem byggjast á sjónarmiðinu um samtryggingu, og kerfa sem eru starfrækt á almennum viðskiptagrundvelli.
18. Dómstóllinn og Almenni dómstóllinn hafa stuðst við ýmis viðmið til þess að skera úr um hvort tiltekið almannatryggingakerfi byggist á samtryggingu og teljist þess vegna ekki fela í sér almennan atvinnurekstur. Í þessu tilliti geta margvíslegir þættir skipt máli:
  - a) Hvort kerfið er byggt á skylduaðild <sup>(25)</sup>,
  - b) hvort tilgangur kerfisins er eingöngu félagslegur <sup>(26)</sup>,
  - c) hvort kerfið er rekið án þess að hafa hagnaðarsjónarmið að leiðarljósi <sup>(27)</sup>,
  - d) hvort tryggingagreiðslurnar eru óháðar greiddum iðgjöldum <sup>(28)</sup>,
  - e) hvort tryggingagreiðslurnar eru ekki nauðsynlega í réttu hlutfalli við tekjur hins tryggða <sup>(29)</sup> og
  - f) hvort kerfið lýtur eftirliti hins opinbera <sup>(30)</sup>.
19. Samtryggingarkerfi af þessu tagi verður að greina frá kerfum sem eru starfrækt á almennum viðskiptagrundvelli <sup>(31)</sup>. Ólíkt því sem gerist um samtryggingarkerfi einkennast kerfi, sem starfrækt eru á almennum viðskiptagrundvelli, iðulega af því að:
  - a) engin skylduaðild er að kerfinu <sup>(32)</sup>,
  - b) byggt er á sjóðsöfnun (réttindi háð greiddum iðgjöldum og ávöxtun kerfisins) <sup>(33)</sup>,
  - c) kerfið er starfrækt á arðsemisgrundvelli <sup>(34)</sup> og
  - d) áunnin réttindi eru umfram það sem kostur er á í einfaldara kerfi <sup>(35)</sup>.
20. Í sumum kerfum sameinast eiginleikar beggja tegunda kerfa. Flokkun viðkomandi kerfis ræðst þá af greiningu á einstökum þáttum þess og mikilvægi þeirra hvers um sig <sup>(36)</sup>.

<sup>(21)</sup> Mál C-364/92 *SAT/Eurocontrol*, 27. mgr., mál C-113/07 P *Selex Sistemi Integrati* gegn *frankvæmdastjórn*, dómasafn 2009, bls. I-2207, 71. mgr.

<sup>(22)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. október 2002 í máli N 438/02 – Belgíska ríkið – Aðstoð við hafnarstjórnir, Stjtið. EB C 284, 21.11.2002.

<sup>(23)</sup> Mál C-343/95 *Cali & Figli*, dómasafn 1995, bls. I-1547, 22. mgr.

<sup>(24)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 140/2006 – Lítáenska ríkið – Úthlutun styrkja til ríkisfyrirtækja sem rekin eru í fangelsum, Stjtið. ESB C 244, 11.10.2006.

<sup>(25)</sup> Sameinuð mál C-159/91 og C-160/91 *Poucet og Pistre*, dómasafn 1993, bls. I-637, 13. mgr.

<sup>(26)</sup> Mál C-218/00 *Cisal og INAIL*, dómasafn 2002, bls. I-691, 45. mgr.

<sup>(27)</sup> Sameinuð mál C-264/01, C-306/01, C-354/01 og C-355/01 *AOK Bundesverband*, dómasafn 2004, bls. I-2493, 47.–55. mgr.

<sup>(28)</sup> Sameinuð mál C-159/91 og C-160/91 *Poucet og Pistre*, 15.–18. mgr.

<sup>(29)</sup> Mál C-218/00 *Cisal og INAIL*, 40. mgr.

<sup>(30)</sup> Sameinuð mál C-159/91 og C-160/91 *Poucet og Pistre*, 14. mgr., Mál C-218/00 *Cisal og INAIL*, 43.–48. mgr., sameinuð mál C-264/01, C-306/01, C-354/01 og C-355/01 *AOK Bundesverband*, 51.–55. mgr.

<sup>(31)</sup> Mál C-244/94 *FFSA o.fl.*, 19. mgr.

<sup>(32)</sup> Mál C-67/96 *Albany*, dómasafn 1999, bls. I-5751, 80.–87. mgr.

<sup>(33)</sup> Mál C-244/94 *FFSA o.fl.*, 9. og 17.–20. mgr., mál C-67/96 *Albany*, 81.–85. mgr., sbr. einnig sameinuð mál C-115/97 til C-117/97 *Brentjens*, dómasafn 1999, bls. I-6025, 81.–85. mgr., mál C-219/97 *Drijvende Bokken*, dómasafn 1999, bls. I-6121, 71.–75. mgr., og sameinuð mál C-180/98 til C-184/98 *Pavlov o.fl.*, 114. og 115. mgr.

<sup>(34)</sup> Sameinuð mál C-115/97 til C-117/97 *Brentjens*.

<sup>(35)</sup> Sameinuð mál C-180/98 til C-184/98 *Pavlov o.fl.*

<sup>(36)</sup> Mál C-350/07 *Kattner Stahlbau*, dómasafn 2009, bls. I-1513.

#### 2.1.4 Heilbrigðisþjónusta

21. Heilbrigðiskerfi EES-ríkjanna eru mjög mismunandi. Mismunandi aðstæður í hverju landi ráða miklu um það í hversu ríkem mæli fyrirtæki og stofnanir í heilbrigðisþjónustu keppa sín í milli í markaðsumhverfi.
22. Í sumum ríkjum er uppbygging heilbrigðiskerfisins með þeim hætti að sjúkrahús á vegum hins opinbera eru grundvallarþáttur í heilbrigðisþjónustunni og rekstur þeirra er byggður að nær öllu leyti á sjónarmiðinu um samtryggingu <sup>(37)</sup>. Rekstur sjúkrahúsanna er þá fjármagnaður beint með almannatryggingagjöldum og öðrum ríkisfjármunum og þau veita alla almenna heilbrigðisþjónustu endurgjaldslaut hverjum þeim sem á aðild að kerfinu <sup>(38)</sup>. Dómstóllinn og Almenni dómstóllinn hafa staðfest að þegar málum sé skipað með þessum hætti teljist viðkomandi stofnanir ekki starfa sem fyrirtæki <sup>(39)</sup>.
23. Við þessa skipan mála telst jafnvel sú starfsemi ekki almennur atvinnurekstur sem gæti verið það sem slík en er aðeins stunduð í þeim tilgangi að veita annars konar þjónustu sem er ekki almennur atvinnurekstur. Stofnun, sem kaupir inn vörur – jafnvel þótt í miklum mæli sé – til þess að geta veitt aðra þjónustu sem er ekki almennur atvinnurekstur, telst ekki hafa með höndum starfsemi fyrirtækis fyrir það eitt að stunda innkaup á tilteknum markaði <sup>(40)</sup>.
24. Í öðrum löndum er tilhögun heilbrigðiskerfisins þannig að sjúkrahús og aðrar heilsugæslustofnanir veita þjónustu sína gegn greiðslu, hvort sem sú greiðsla kemur beint frá sjúklingum eða frá tryggingum þeirra <sup>(41)</sup>. Í slíkum kerfum er að nokkru leyti samkeppni milli sjúkrahúsa um starfrækslu heilbrigðisþjónustu. Við þær aðstæður nægir það eitt, að tiltekin heilbrigðisþjónusta er veitt á sjúkrahúsi á vegum hins opinbera, ekki til þess að starfsemin verði ekki talin almennur atvinnurekstur.
25. Dómstóllinn og Almenni dómstóllinn hafa einnig gert það ljóst að heilbrigðisþjónusta, sem sjálfstætt starfandi læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn með eigin rekstur veita gegn greiðslu og á eigin áhættu, skuli teljast almennur atvinnurekstur <sup>(42)</sup>. Sömu sjónarmið myndu gilda um sjálfstæðar lyfjaverslanir.

#### 2.1.5 Menntastarfsemi

26. Staðfest hefur verið í dómaframkvæmd að menntastarfsemi á vegum hins opinbera, sem er skipulögð innan menntakerfis viðkomandi þjóðlands með tilstyrk og undir eftirliti ríkisins, getur talist starfsemi sem fellur ekki undir almennan atvinnurekstur. Í þessu tilliti hefur eftirfarandi komið fram af hálfu Dómstólsins:

*„tilgangur ríkisins með því að setja á fót og reka slíkt opinbert menntakerfi, sem kostað er eingöngu eða aðallega af almannafé en ekki greiðslum frá nemendum eða foreldrum þeirra, ... er ekki sá að reka starfsemi gegn endurgjaldi, heldur að sinna hlutverki sínu á sviði félagsmála, menningarmála og menntunar í þágu landsmanna“ <sup>(43)</sup>.*

27. Í sömu dómsmálum hefur komið fram að það breytir í grundvallaratriðum ekki þeirri niðurstöðu að opinber menntakerfi skuli ekki teljast almennur atvinnurekstur þótt nemendur eða foreldrar þeirra séu stundum látnir greiða kennslu- eða innritunargjöld sem renna til rekstrar kerfisins. Oft standa slík gjöld aðeins undir broti af raunútgjöldum við þjónustuna og geta því ekki talist endurgjald fyrir veitta þjónustu. Þau breyta þess vegna engu um það eðli opinbers menntakerfis að vera ekki almennur atvinnurekstur heldur þjónusta sem er fyrst og fremst kostuð af almannafé <sup>(44)</sup>.

<sup>(37)</sup> Samkvæmt dómaframkvæmd Evrópudómstólanna er almenna heilbrigðiskerfið á Spáni skýrt dæmi um þetta (sjá mál T-319/99 *FENIN*, dómasafn 2003, bls. II-357).

<sup>(38)</sup> Innheimta gjalda, sem standa aðeins undir broti af raunkostnaði við þjónustuna, þarf engu að breyta um að hún teljist ekki almennur atvinnurekstur, heldur ræðst niðurstaða í því efni af eiginleikum kerfisins í heild.

<sup>(39)</sup> Mál T-319/99 *FENIN*, dómasafn 2003, bls. II-357, 39. mgr.

<sup>(40)</sup> Mál T-319/99 *FENIN*, 40. mgr.

<sup>(41)</sup> Sbr. til dæmis mál C-244/94 *FFSA*, mál C-67/96 *Albany*, sameinuð mál C-115/97, C-116/97 og C-117/97 *Brentjens* og mál C-219/97 *Drijvende Bokken*.

<sup>(42)</sup> Sbr. sameinuð mál C-180/98 til C-184/98 *Pavlov o.fl.*, 75. og 77. mgr.

<sup>(43)</sup> Sbr. meðal annars mál C-318/05 *Frankvæmdastjórn* gegn *Þýska ríkinu*, dómasafn 2007, bls. I-6957, 68. mgr. Sbr. einnig ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. apríl 2001, N 118/00 *Subvention publiques aux clubs sportifs professionnels* og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í máli 68123 *Norway Nasjonal digital læringsarena*, 12. október 2011, bls. 9.

<sup>(44)</sup> Dómur EFTA-dómstólsins frá 21. febrúar 2008 í máli E-5/07.

Undir þessa meginreglu getur fallið þjónusta á sviði menntamála á borð við starfsmenntun <sup>(45)</sup>, einkarekna og opinbera grunnskóla <sup>(46)</sup> og leikskóla <sup>(47)</sup>, kennslustarfsemi utan aðalviðfangsefna háskólastofnana <sup>(48)</sup> og menntun í háskólum <sup>(49)</sup>.

28. Gera verður greinarmun á slíkri menntastarfsemi hins opinbera og þjónustu sem er fyrst og fremst fjármögnuð með framlögum foreldra eða nemenda eða almennum rekstrartekjum. Svo dæmi sé tekið falla í síðarnefnda flokkinn fyrirtæki sem rekin eru á arðsemisforsendum og bjóða menntun á háskólastigi sem er fjármögnuð að fullu með innheimtu gjalda af námsmönnum. Í sumum kerfum kunna opinberar stofnanir einnig að bjóða þjónustu á sviði menntamála sem verður að teljast almennur atvinnurekstur vegna þess hvers eðlis hún er, hvernig hún er fjármögnuð og að samkeppni frá einkafyrirtækjum er fyrir hendi.
29. Í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ríkisaðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar <sup>(50)</sup> gerði stofnunin grein fyrir því að tiltekna tegundir starfsemi í háskólum og rannsóknastofnunum féllu ekki undir reglur um ríkisaðstoð. Hér er um að ræða ýmis helstu verkefni rannsóknastofnana, þ.e.:
- kennslustarfsemi með það að markmiði að fjölga vel menntuðu starfsfólki,
  - sjálfstæða rannsókn- og þróunarstarfsemi með það að markmiði að efla þekkingu og skilning, meðal annars samstarf um rannsóknir og þróunarstarf við aðrar stofnanir,
  - og miðlun rannsóknarniðurstæðna.
30. Eftirlitsstofnun EFTA hefur einnig gert grein fyrir því að starfsemi á sviði miðlunar tækniþekkingar (sala sérleyfisréttar, stofnun nýs fyrirtækis út úr starfandi félagi og aðrar aðferðir sem rannsóknastofnunin notar til að halda utan um þekkingu sem verður til hjá henni) skuli ekki teljast almennur atvinnurekstur ef hún snýr aðeins að innri málum félagsins <sup>(51)</sup> og allar tekjur af starfsemi eru endurfjárfestar í meginverkefnum hlutaðeigandi rannsóknastofnana <sup>(52)</sup>.

## 2.2 Ríkisfjármunir

31. Aðeins það forskot, sem vinnst með beinu eða óbeinu framlagi af ríkisfjármunum, getur talist ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins <sup>(53)</sup>. Forskot, sem rekja má til fjárframlaga frá einkaaðilum, getur haft þær afleiðingar að styrkja stöðu tiltekinna fyrirtækja en fellur hins vegar ekki undir 61. gr. EES-samningsins.
32. Slíkur tilflutningur ríkisfjármuna getur tekið á sig ýmsar myndir og getur til dæmis verið um að ræða beina styrki, skattafslætti eða friðindi. Hér ber einkum að nefna að þegar ríkið tekur ekki markaðsverð fyrir tiltekna þjónustu jafngildir það því að ríkisfjármunir séu látnir af hendi. Í dómi sínum í máli C-482/99 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn* <sup>(54)</sup> staðfesti Dómstóllinn einnig að fjármunir opinbers fyrirtækis skyldu teljast ríkisfjármunir í skilningi 107. gr. sáttmálans, sem samsvarar 61. gr. EES-samningsins, vegna þess að stjórnvöld ættu þess kost að stýra notkun slíkra fjármuna. Þegar þannig háttar til að fyrirtæki, sem hefur verið falið að annast þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, fær greiðslur frá opinberu fyrirtæki og rekja má uppruna þeirra fjármuna til ríkisins er þannig hugsanlegt að slík fjármögnun hafi í för með sér ríkisaðstoð.

<sup>(45)</sup> Mál 263/86 *Humbel*, dómasafn 1988, bls. 5365.

<sup>(46)</sup> Mál C-318/05 *Framkvæmdastjórn gegn Þýska ríkinu*, dómasafn 2007, bls. I-6957, mál C-76/05 *Schwartz*, dómasafn 2007, bls. 6849.

<sup>(47)</sup> Dómur EFTA-dómstólsins frá 21. febrúar 2008 í máli E-5/07.

<sup>(48)</sup> Mál C-281/06 *Jundt*, dómasafn 2007, bls. I-12231.

<sup>(49)</sup> Mál 109/92 *Wirth*, dómasafn 1993, bls. I-6447.

<sup>(50)</sup> Stjótið. ESB L 305, 19.11.2009, bls. 1, og EES-viðbætur nr. 60, 19.11.2009, bls. 1.

<sup>(51)</sup> Í 26. neðanmálgrein við kaflann um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð kemur fram að með „innri málum“ sé átt við aðstæður þar sem umsýsla þekkingar, sem er fyrir hendi í rannsóknastofnuninni, fer annaðhvort fram á vegum deildar eða dótturfélags stofnunarinnar eða í samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir. Þó að tiltekin þjónusta sé útvistuð til þriðju aðila með opnum útboðum hindrar það ekki að slík starfsemi geti talist til innri mála.

<sup>(52)</sup> Sjá undirkafla 3.1.1 og 3.1.2 í kaflanum um aðstoð til rannsókna, þróunarstarfs og nýsköpunar.

<sup>(53)</sup> Sameinuð mál C-52/97 til C-54/97 *Viscido o.fl.*, dómasafn 1998, bls. I-2629, 13. mgr., og mál C-53/00 *Ferring*, dómasafn 2001, bls. I-9067, 16. mgr. Sjá einnig mál C-379/98 *PreussenElektra* gegn *Schleswig*, dómasafn 2001, bls. I-2099.

<sup>(54)</sup> Mál C-482/99 *Franska ríkið gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2002, bls. I-4397.

33. Þegar gefin eru út leyfi til að hafa umráð yfir eða nýta almannaeign, eða veitt önnur sérstök réttindi eða einkaréttur sem hefur efnahagsvirði, getur það jafngilt því að ríkisfjármunir séu látnir af hendi og fært leyfishöfum forskot á önnur fyrirtæki <sup>(55)</sup>.
34. EFTA-ríkin kunna í sumum tilvikum að standa straum af þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu með framlögum tiltekinna fyrirtækja eða notenda þannig að tekjur af slíkum framlögum renni til fyrirtækjanna sem falið hefur verið að sinna viðkomandi þjónustu. Tilhögun af þessu tagi hefur komið til umfjöllunar hjá Dómstólnum, einkum í dómnum í máli 173/73 Ítalska ríkið gegn *frankvæmdastjórn* <sup>(56)</sup>, en þar kom eftirfarandi fram:
- „Sökum þess að fjármunirnir, sem hér eru til umfjöllunar, verða til með skylduframlögum sem ákveðin eru í landslögum, og að um innheimtu og úthlutun fjárens fer samkvæmt ákvæðum þeirra laga eins og fyrirliggjandi mál sýnir; verður að líta svo á að um sé að ræða ríkisfjármuni í skilningi [107. gr.] sáttmálans enda þótt umsýsla þeirra sé í höndum stofnana sem eru ekki á vegum hins opinbera.“
35. Með líkum hætti staðfesti Dómstóllinn í dómi sínum í sameinuðum málum C-78/90 til C-83/90 *Compagnie Commerciale de l'Ouest* <sup>(57)</sup> að væru skattatengd gjöld notuð til að standa straum af tilteknum ráðstöfunum skyldu þær teljast fjármagnaðar með ríkisfjármunum.
36. Í samræmi við þetta er litið svo á að endurgjald fyrir að annast þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, sem fjármagnað er með skattatengdum gjöldum eða skylduframlögum til ríkisins, sé endurgjald sem tekið er af ríkisfjármunum, enda fari um innheimtu og úthlutun fjárens samkvæmt ákvæðum viðkomandi laga.

### 2.3 Áhrif á viðskipti

37. Til þess að endurgjald fyrir almannþjónustu teljist falla undir 61. gr. EES-samningsins verður það að hafa, eða vera til þess fallið að hafa, áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EES-samningsins. Oftast er það forsenda fyrir því að slík áhrif geti komið fram að fyrir hendi sé samkeppnismarkaður. Þess vegna taka reglur um ríkisaðstoð til markaða þar sem samkeppni hefur komist á annaðhvort í samræmi við ákvæði EES-samningsins eða landslaga eða fyrir tilstuðlan almennrar þróunar í efnahagsmálum. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum halda við slíkar aðstæður ákvörðunarrétti sínum að því er varðar skilgreiningu, skipulagningu og fjármögnun þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, með fyrirvara um niðurstöður eftirlits með ríkisaðstoð þegar endurgjald er greitt fyrirtækinu sem annast þjónustuna, hvort sem það er einkarekið eða opinbert (að meðtalinni þjónustu sem opinber aðili starfrækir innan eigin veggja). Ef einu fyrirtæki hefur verið falinn einkaréttur á að sinna markaðnum (og þá einnig þótt um sé að ræða stofnun sem starfrækir þjónustuna innan eigin veggja) tekur eftirlit með ríkisaðstoð að sama skapi til endurgjalds sem greitt er því fyrirtæki. Raunar er það svo að hafi samkeppni verið komið á í tilteknum atvinnurekstri getur sú ákvörðun að veita þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu á annan hátt en með aðferð við opinber innkaup, sem tryggir að kostnaður samfélagsins verði sem minnstur, haft í för með sér röskun með því að hindra að keppinautar hefji starfsemi á markaðnum eða gera fyrirtækinu, sem nýtur góðs af slíkri ráðstöfun, auðveldara fyrir að færa sig inn á aðra markaði. Röskun getur einnig komið fram á aðfangamörkuðum. Aðstoð við fyrirtæki, sem starfar á markaði þar sem frjáls samkeppni hefur ekki komist á, getur haft áhrif á viðskipti ef það fyrirtæki er einnig starfandi á mörkuðum þar sem samkeppni er frjáls <sup>(58)</sup>.

<sup>(55)</sup> Mál C-462/99 *Connect Austria Gesellschaft für Telekommunikation GmbH* gegn *Telekom-Control-Kommission*, og *Mobilkom Austria AG*, dómasafn 2003, bls. I-05197, 92. og 93. mgr., mál T-475/04 *Bouygues og Bouygues Télécom SA* gegn *frankvæmdastjórn*, dómasafn 2007, bls. II-02097, 101, 104, 105. og 111. mgr.

<sup>(56)</sup> Mál 173/73 *Ítalska ríkið* gegn *frankvæmdastjórn*, dómasafn 1974, bls. 709, 16. mgr. Sbr. einnig mál 78/79 *Steinike*, dómasafn 1977, bls. 595, 21. mgr., mál C-206/06, *Essent Netwerk*, dómasafn 2008, bls. 5497, 47, 57. og 96. mgr.

<sup>(57)</sup> *Compagnie Commerciale de l'Ouest o.fl.* gegn *Receveur Principal des Douanes de La Pallice Port*, dómasafn 1992, bls. I-1847, 35. mgr. Sbr. einnig sameinuð mál C-34/01 til C-38/01 *Enirisorse SpA* gegn *Ministero delle Finanze*, dómasafn 2003, bls. I-14243, 26. mgr.

<sup>(58)</sup> Sameinuð mál T-298/97, T-312/97, T-313/97, T-315/97, T-600/97 til T-607/97, T-1/98, T-3/98 til T-6/98 og T-23/98 *Mauro Alzetta o.fl.* gegn *frankvæmdastjórn*, dómasafn 2000, bls. II-2319, 143.–147. mgr.

38. Ráðstafanir, sem snúast um aðstoð, geta einnig haft áhrif á viðskipti þó að fyrirtækið, sem nýtur þeirra, eigi ekki sjálft aðild að starfsemi sem teygir sig yfir landamæri. Innanlandsframboð getur við þær aðstæður haldist óbreytt eða aukist þannig að þrengt sé að kostum fyrirtækja í hinum aðildarríkjunum til að bjóða þjónustu sína í viðkomandi EFTA-ríki <sup>(59)</sup>.
39. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins er ekki um nein ákveðin mörk eða hundradshlut að ræða þess eðlis að telja megi víst að aðstoð þar undir hafi ekki áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna <sup>(60)</sup>. Þó að aðstoðarfjárhæðin sé tiltölulega lítil eða fyrirtækið sjálft tiltölulega smátt er ekki unnt að álykta fyrirfram að ekki muni koma fram nein áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.
40. Framkvæmdastjórnin hefur hins vegar komist að þeirri niðurstöðu í nokkrum málum að tiltekin starfsemi sé með öllu staðbundin og hafi þannig engin áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna. Eftirfarandi eru dæmi um þetta:
- Sundlaugar sem fyrst og fremst eru ætlaðar almenningi í byggðarlaginu <sup>(61)</sup>.
  - Svæðissjúkrahús sem eru eingöngu miðuð við þarfir almennings í byggðarlaginu <sup>(62)</sup>.
  - Héraðssöfn sem ólíklegt er að gestir frá öðrum ríkjum sækji <sup>(63)</sup>.
  - Menningarviðburðir sem aðeins er að búast við að íbúar í byggðarlaginu sækji <sup>(64)</sup>.
41. Loks er þess að geta að Eftirlitsstofnun EFTA þarf ekki að taka til skoðunar alla fjárhagsaðstoð sem stjórnvöld í EFTA-ríkjunum standa að. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1998/2006 frá 15. desember 2006 um beitingu 87. og 88. gr. sáttmálans varðandi minniháttaraðstoð <sup>(65)</sup> fellur aðstoð ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef hún nemur minni fjárhæðum en EUR 200 000 á hvert fyrirtæki á hverju þriggja ára tímabili. Annað hámark minniháttaraðstoðar gildir á sviði flutningastarfsemi <sup>(66)</sup> og framkvæmdastjórnin hyggst gefa út reglugerð um sérstakt hámark minniháttaraðstoðar vegna staðbundinnar þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, og verður hún felld inn í EES-samninginn.

### 3. Skilyrði fyrir því að endurgjald fyrir almannaþjónustu teljist ekki fela í sér ríkisaðstoð

#### 3.1 Viðmið samkvæmt úrskurði Dómstólsins

42. Í dómi Dómstólsins í *Altmark*-málinu <sup>(67)</sup> var skýrt nánar hvaða skilyrðum þyrfti að vera fullnægt til þess að endurgjald fyrir almannaþjónustu teldist ekki hafa í för með sér ríkisaðstoð með vísan til þess að það færði engu fyrirtæki forskot.
43. Dómstóllinn orðaði þetta svo:

*„Þegar ekki verður komist hjá því að líta á ríkisstyrk sem endurgjald fyrir þjónustu sem fyrirtækin starfrækja í því skyni að fullnægja kvöðum um almannaþjónustu, þannig að fyrirtækin njóta ekki raunverulegs fjárhagslegs forskots og styrkurinn hefur því ekki þau áhrif að bæta samkeppnisstöðu þeirra gagnvart keppinautum, fellur slík ráðstöfun ekki undir 1. mgr. [107. gr.] sáttmálans. Til þess að ekki sé litið á slíkt endurgjald sem ríkisaðstoð verður tilteknum skilyrðum þó að vera fullnægt í hverju einstöku tilviki.*

*... Í fyrsta lagi verða að hvíla eiginlegar almannaþjónustukvaðir á fyrirtækinu sem fær endurgjaldið greitt, og þær kvaðir verða að vera skýrt skilgreindar. ...*

*... Í öðru lagi verður að skilgreina fyrirfram og á hlutlægan og gagnsæjan hátt þær forsendur sem ráða útreikningi endurgjaldsins til þess að fyrirtækið, sem fær það greitt, öðlist ekki efnahagslegt forskot sem ívilnar því umfram keppinauta þess. ... Ef aðildarríki greiðir fyrirtæki*

<sup>(59)</sup> Sbr. einkum mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*, dómasafn 2003, bls. I-7747.

<sup>(60)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*, 81. mgr.

<sup>(61)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 258/2000 – Þýskaland – Sundhöll í Dorsten, Stjtið. EB C 172, 16.6.2001, bls. 16.

<sup>(62)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 543/2001 – Írland – Fjárframlög til sjúkrahúsa, Stjtið. EB C 154, 28.6.2002, bls. 4.

<sup>(63)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 630/2003 – Ítalía – Héraðssöfn – Sardinia, Stjtið. ESB C 275, 8.12.2005, bls. 3.

<sup>(64)</sup> Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli N 257/2007 – Spánn – Styrkir til leikstarfsemi í Baskalandi, Stjtið. ESB C 173, 26.7.2007, bls. 2.

<sup>(65)</sup> Stjtið. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 5, felld inn í EES-samninginn, sjá lið 1ea í XV. viðauka.

<sup>(66)</sup> Sjá 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1998/2006 um hámark minniháttaraðstoðar sem veitt er vegna flutningastarfsemi.

<sup>(67)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*.

bætur fyrir fjárhagslegt tap án þess að forsendur slíkra greiðslna hafi verið skilgreindar fyrirfram, í þeim tilvikum þegar í ljós kemur eftir á að rekstur tiltekinnar þjónustu samkvæmt almannaðjónustukvöðum hafi verið óhagkvæmur, telst slíkt því fjárhagsleg ráðstöfun sem fellur undir hugtakið ríkisaðstoð í skilningi l. mgr. [107. gr.] sáttmálans.

... Í þriðja lagi má endurgjaldið ekki vera umfram það sem nauðsynlegt er til að mæta, að fullu eða að hluta, útgjöldum sem fylgja því að inna almannaðjónustukvaðirnar af hendi, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar ...

... Í fjórða lagi, og sé fyrirtækið, sem falið er að inna af hendi almannaðjónustukvaðir í tilteknu tilviki, ekki valið með aðferð við opinber innkaup sem gerir kleift að velja þann bjóðanda sem annast getur þjónustuna með sem minnstum kostnaði fyrir samfélagið, skal ákveða endurgjaldið á grundvelli greiningar sem sýnir hvaða útgjöld dæmigert fyrirtæki, sem er vel rekið og nægilega vel búið flutningataekjum til að geta sinnt almannaðjónustunni vel, hefði haft af því að fullnægja þessum kvöðum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar af því að fullnægja kvöðunum“<sup>(68)</sup>.

44. Í undirköflum 3.2 til 3.6 hér á eftir verður fjallað um einstaka þætti þess áskilnaðar sem leiðir af dómnum í *Altmark*-málinu, þ.e. að hugtakið þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu er túlkað á tiltekinn hátt með tilliti til 61. gr. EES-samningsins<sup>(69)</sup>, að gefa þarf út formlegt umboðsskjal<sup>(70)</sup>, að skylt er að skilgreina hvaða forsendur ráða útreikningi endurgjalds<sup>(71)</sup>, að beita þarf tilteknum reglum til þess að koma í veg fyrir ofgreiðslur<sup>(72)</sup> og að tilteknar reglur gilda um val á þjónustuveitanda<sup>(73)</sup>.

### 3.2 Veitt sé þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu

45. Skilgreiningin á hugtakinu þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu er í stöðugri þróun og mótast meðal annars af þörfum almennings, tækniframförum og markaðsþróun og félagslegum og stjórnmálalegum áherslum í hlutaðeigandi EFTA-ríki. Dómstóllinn hefur slegið því föstu að þjónusta teljist hafa almenna efnahagslega þýðingu vegna sérstakra einkenna sem greini hana frá öðrum atvinnurekstri<sup>(74)</sup>.
46. Þar eð engar sérstakar reglur er að finna í EES-samningnum um hvar draga beri mörk þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu hafa stjórnvöld í EFTA-ríkjunum umtalsvert svigrúm til að skilgreina tiltekna þjónustu þannig að hún teljist hafa slíka þýðingu og til að greiða þjónustuveitanda endurgjald fyrir að annast hana. Valdheimildir Eftirlitsstofnunar EFTA í þessu tilliti takmarkast við athugun á því hvort stjórnvöld í EFTA-ríkinu hafa gert augljós mistök með því að skilgreina þjónustuna þannig að hún teldist hafa almenna efnahagslega þýðingu<sup>(75)</sup> og meta ríkisaðstoð sem endurgjaldið hefur hugsanlega í för með sér. Á sviðum þar sem sértækar EES-reglur eru í gildi takmarka þær svigrúm stjórnvalda í EFTA-ríkjunum meira að þessu leyti, en Eftirlitsstofnun EFTA ber eftir sem áður skylda til að meta hvort viðkomandi þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu hefur verið skilgreind á réttan hátt með tilliti til eftirlits með ríkisaðstoð.
47. Fyrsta *Altmark*-skilyrðið felur í sér að skilgreina verður verkefnið sem unnið er að með viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Þessi áskilnaður samsvarar þeim sem finna má í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins<sup>(76)</sup>. Í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins kemur fram að fyrirtæki, sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu, séu fyrirtæki sem fengið hafi umboð til að leysa af hendi „sérstök verkefni“<sup>(77)</sup>. Umboð til að leysa af hendi

<sup>(68)</sup> Mál C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH*, 87.–93. mgr.

<sup>(69)</sup> Sjá undirkafla 3.2.

<sup>(70)</sup> Sjá undirkafla 3.3.

<sup>(71)</sup> Sjá undirkafla 3.4.

<sup>(72)</sup> Sjá undirkafla 3.5.

<sup>(73)</sup> Sjá undirkafla 3.6.

<sup>(74)</sup> Mál C-179/90 *Merci convenzionali porto di Genova*, dómasafn 1991, bls. I-5889, 27. mgr., mál C-242/95 *GT-Link A/S*, dómasafn 1997, bls. I-4449, 53. mgr., og mál C-266/96, *Corsica Ferries France SA*, dómasafn 1998, bls. I-3949, 45. mgr.

<sup>(75)</sup> Mál T-289/03 *BUPA o.fl. gegn framkvæmdastjórn*, dómasafn 2008, bls. II-81, 166.–169. og 172. mgr., mál T-17/02 *Fred Olsen*, dómasafn 2005, bls. II-2031, 216. mgr.

<sup>(76)</sup> Mál T-289/03 *British United Provident Association Ltd (BUPA)* gegn *framkvæmdastjórn*, dómasafn 2008, bls. II-81, 171. og 224. mgr.

<sup>(77)</sup> Sbr. einkum mál C-127/73 *BRT* gegn *SABAM*, dómasafn 1974, bls. 313.

„sérstakt verkefni á sviði almannajónustu“ felur í almennum atriðum í sér að veitt er þjónusta sem fyrirtæki væri ekki reiðubúið að taka að sér, eða ekki í sama mæli eða með sömu skilyrðum, ef það hefði aðeins eigin viðskiptahagsmuni til hliðsjónar <sup>(78)</sup>. Með vísan til viðmiða um hvers kyns þjónusta telst hafa almenna þýðingu má binda þjónustu af því tagi sérstökum kvöðum, að ákvörðun stjórnvalda í EFTA-ríkjunum eða í samræmi við ákvæði EES-samningsins.

48. Eftirlitsstofnun EFTA lítur því svo á að óeðlilegt væri að láta sérstakar almannajónustukvaðir gilda í tengslum við starfsemi sem þegar er sinnt eða unnt væri að sinna á fullnægjandi hátt og í samræmi við skilmála sem samræmast almannahag, svo sem að því er varðar verð, hlutlæga gæðaeiginleika, samfellu og aðgang að þjónustunni, af hálfu fyrirtækja sem búa við venjuleg markaðsskilyrði <sup>(79)</sup>. Með tilliti til þess hvort markaðsaðilar gætu annast þjónustuna takmarkast mat Eftirlitsstofnun EFTA við athugun á því hvort stjórnvöld í EFTA-ríkinu hafi gert augljós mistök.
49. Gott dæmi um þessa reglu er starfsemi á sviði breiðbands en þar hefur Eftirlitsstofnun EFTA þegar gefið skýrar vísbendingar um hvers konar starfsemi geti talist þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu. Eftirlitsstofnun EFTA telur í þessu tilliti mikilvægast að á svæðum þar sem einkafjárfestar hafa þegar lagt fjármuni í grunnkerfi fyrir breiðband (eða hafa tekið til við frekari stækkun grunnkerfisins), og bjóða þegar breiðbandsþjónustu með fullnægjandi útbreiðslu í samkeppnisumhverfi, skuli uppbygging grunnkerfis fyrir breiðband við hlið eldra kerfis ekki talin þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu. Þegar fjárfestar eru þess ekki umkomnir að starfrækja breiðbandsþjónustu með fullnægjandi útbreiðslu er aftur á móti heimilt að skilgreina slíkt sem þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu og láta endurgjald koma fyrir með ýmsum skilyrðum <sup>(80)</sup>.
50. Eftirlitsstofnun EFTA lítur einnig svo á að þjónusta, sem til stendur að flokka sem þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, verði að nýtast almenningi eða vera öllu þjóðfélaginu til hagsbóta.

### 3.3 Formlegt umboðsskjal

51. Til þess að 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins geti átt við verða eitt eða fleiri fyrirtæki að hafa fengið umboð til að annast þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Ríkisvaldið verður því að hafa falið hlutaðeigandi fyrirtækjum að sinna tilteknu verkefni <sup>(81)</sup>. Fyrsta *Altmark*-skilyrðið felur einnig í sér að fyrirtækið verður að hafa tekið á sig almannajónustukvöð. Til þess að fara megi eftir dómsniðurstöðu í *Altmark*-málinu er því nauðsynlegt að fyrirtækjunum, sem eiga í hlut, hafi verið falið að sinna tiltekinni almannajónustu á þann hátt að skýrt hafi verið hverjar skyldur þeirra og viðkomandi stjórnvalds eru.
52. Fyrirtæki verður að vera falið almannajónustuverkefnið með formlegu skjali sem getur verið hvort heldur sem er laga- eða reglugerðartexti eða samningur, í samræmi við löggjöf í hlutaðeigandi EFTA-ríki. Einnig má byggja á nokkrum slíkum skjölum. Með vísan til þess hvernig framkvæmdastjórnin og Eftirlitsstofnun EFTA hafa tekið á málum af þessu tagi verða eftirfarandi atriði hið minnsta að koma fram í skjalinu/skjölunum:
- Í hverju almannajónustukvaðirnar eru fölgjar og hver gildistími þeirra er.
  - Hvaða fyrirtæki á í hlut, svo og hvert starfssvæði þess er ef það á við.
  - Hvað fölgandi er í einkarétti eða sérstökum réttindum sem hlutaðeigandi stjórnvald úthlutar fyrirtækinu, ef um slíkt er að ræða.
  - Hvaða forsendur ráða útreikningi endurgjaldsins, eftirliti með því og endurskoðun.
  - Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að forðast ofgreiðslur og endurheimta endurgjald sem kann að hafa verið ofgreitt.
53. Þó að þjónustuveitandinn sjálfur taki þátt í ferlinu, sem fylgt er þegar honum er veitt umboð til að annast verkefni á sviði almannajónustu, merkir það ekki að verkefnið megi ekki rekja til

<sup>(78)</sup> Sbr. einkum 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1370/2007 frá 23. október 2007 um almenna farþegaflutninga á jámbrautum og á vegum og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1191/69 og (EBE) nr. 1107/70 (Stjtið. ESB L 315, 3.12.2007, bls. 1).

<sup>(79)</sup> Mál C-205/99 *Analir*, dómasafn 2001, bls. I-1271, 71. mgr.

<sup>(80)</sup> Um nánari ákvæði sjá 24.–30. mgr. kaflans um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandskerfa í leiðbeinandi reglum um ríkisaðstoð, sem biður birtingar í Stjtið. ESB.

<sup>(81)</sup> Sbr. einkum mál C-127/73 *BRT* gegn *SABAM*, dómasafn 1974, bls. 313.

stjórnvaldsathafnar, jafnvel þegar umboðið er veitt að beiðni þjónustuveitandans <sup>(82)</sup>. Í sumum löndum er algengt að stjórnvöld taki á sig kostnað af þjónustu sem þjónustuveitandi hefur sjálfur byggt upp og boðið fram. Stjórnvaldið verður þó að ákveða hvort tillaga þjónustuveitandans skuli samþykkt áður en unnt er að greiða nokkurt endurgjald. Hér skiptir ekki máli hvort þau atriði, sem formlega umboðsskjalíð verður að taka til, eru tilgreind í sjálfri ákvörðuninni um að samþykkja tillögu þjónustuveitanda eða í sérstökum lagagerningi, t.d. samningi sem gerður er við þjónustuveitandann.

### 3.4 Forsendur sem ráða útreikningi endurgjalds

54. Skilgreina verður fyrirfram á hlutlægan og gagnsæjan hátt þær forsendur sem ráða útreikningi endurgjaldsins til þess að tryggja að fyrirtækið, sem fær það greitt, öðlist ekki efnahagslegt forskot sem styrkt gæti stöðu þess gagnvart keppinautum.
55. Þó að skilgreina verði forsendur endurgjaldsins fyrirfram merkir það ekki að útreikningurinn verði að byggjast á ákveðinni reikniforskrift (til dæmis föstu verði fyrir hvern dag, hverja máltíð eða hvern farþega eða tiltekinn fjölda notenda). Hið eina, sem skiptir máli, er að skýrt liggja fyrir í upphafi hvernig endurgjaldið verði ákveðið.
56. Ef hlutaðeigandi stjórnvald í landinu ákveður að greiða þjónustuveitanda endurgjald vegna allra kostnaðarliða verður það að ákveða í upphafi hvernig þau útgjöld verða ákveðin og reiknuð. Í því tilliti má aðeins taka tillit til útgjalda sem tengjast beint starfrækslu viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Til frádráttar verða að koma allar tekjur sem fyrirtækið hefur af því að veita þjónustuna.
57. Ef reiknaður er inn í endurgjaldið eðlilegur hagnaður fyrirtækisins af starfsemiinni verður einnig að koma fram í umboðsskjalinu hvaða forsendur ráða útreikningi á þeim hagnaði.
58. Ef kveðið er á um að endurgjaldið skuli endurskoðað á umboðstímanum verður að tilgreina í umboðsskjalinu hvernig þeirri endurskoðun verður hagað og á hvaða hátt hún getur haft áhrif á heildarfjárhæð endurgjaldsins.
59. Ef umboði til að annast viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu er úthlutað á grundvelli almenns útboðs verður að tilgreina aðferðina, sem notuð er við útreikning endurgjaldsins, í upplýsingum sem afhentar eru öllum þeim fyrirtækjum sem vilja taka þátt í útboðinu.

### 3.5 Komið í veg fyrir ofgreiðslur

60. Samkvæmt þriðja *Altmark*-skilyrðinu má endurgjaldið ekki vera hærra en svo að nægi til að mæta, að fullu eða að hluta, útgjöldum sem fylgja því að inna almannaþjónustukvaðirnar af hendi, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar. Hver sú aðferð, sem notuð er við að velja þjónustuveitanda, verður því að miðast við að atriðin, sem hér hafa verið nefnd, ráði fjárhæð endurgjaldsins.
61. Eðlilegan hagnað ber að skilja sem þá arðsemi fjármuna <sup>(83)</sup> sem dæmigert fyrirtæki myndi telja nauðsynlega í tengslum við athugun á því hvort fýsilegt væri að starfrækja viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu allan umboðstímann, að teknu tilliti til þess hversu mikil áhættan er talin vera. Hversu mikil áhættan er ræðst af því hvaða atvinnugrein um er að ræða, hvers eðlis þjónustan er og hvaða tilhögun er fylgt við greiðslu endurgjalds. Arðsemina skal áætla, eftir því sem unnt er, með vísan til þeirrar arðsemi fjármuna sem unnt er að ná fram af sambærilegum samningum um almannaþjónustu sem gerðir eru á samkeppnisforsendum (til að mynda samningum sem gerðir eru í kjölfar útboðs). Ef svo háttar til að ekkert fyrirtæki í greininni er sambærilegt fyrirtækinu sem falið hefur verið að inna af hendi viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu má hafa hliðsjón af sambærilegum fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum EES-samningsins, eða í öðrum atvinnugreinum ef þörf gerist, að því tilskildu að fullnægjandi tillit sé tekið til séreinkenna hverrar atvinnugreinar. Við ákvörðun á því hvað teljast

<sup>(82)</sup> Mál T-17/02 *Fred Olsen*, 188. mgr.

<sup>(83)</sup> Arðsemi fjármuna merkir þá innri ávöxtun sem fyrirtækið nær fram af fjárfestingu sinni á starfstíma verkefnisins, þ.e. innri ávöxtun af sjóðstreymi vegna samningsins.

skuli eðlilegur hagnaður er stjórnvöldum í EFTA-rikinu heimilt að styðjast við viðmið sem hafa hvetjandi áhrif og lúta einkum að gæðum þjónustunnar og aukinni framleiðsluhagkvæmni. Viðleitni til að auka hagkvæmni má ekki bitna á gæðum þjónustunnar.

### 3.6 Val á þjónustuveitanda

62. Samkvæmt fjórða *Altmark*-skilyrðinu verður endurgjaldið, sem boðið er, annaðhvort að vera niðurstaðan af aðferð við opinber innkaup sem gerir kleift að velja þann bjóðanda sem annast getur þjónustuna með sem minnstum kostnaði fyrir samfélagið, eða niðurstaða af samanburði við dæmigert fyrirtæki sem er vel rekið og nægilega vel búið öllum nauðsynlegum föngum.

#### 3.6.1 Fjárhæð endurgjalds þegar umboði til að annast viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu er úthlutað í kjölfar útboðs sem staðið er að á viðeigandi hátt

63. Einfaldasta leiðin, sem stjórnvöld geta farið til þess að fullnægja fjórða *Altmark*-skilyrðinu, er að nota opna, gagnsæja og mismununarlausu aðferð við opinber innkaup, í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/17/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu<sup>(84)</sup> og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/18/EB frá 31. mars 2004 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga<sup>(85)</sup> eins og lýst er hér á eftir. Eins og nefnt er í 5. mgr. er oft áskilið í gildandi EES-reglum að fylgja verði slíkri aðferð við opinber innkaup.

64. Opin, gagnsæ og mismununarlausu aðferð við opinber innkaup er heppileg leið til að bera saman mismunandi tilboð, sem hugsanlegt væri að taka, og ákveða endurgjald á þann hátt að ekki geti komið til ríkisaðstoðar, jafnvel þótt ekki sé lagaskylda að beita slíkri aðferð.

65. Samkvæmt dómaframkvæmd Dómstólsins er ekki tryggt að tiltekin aðferð við opinber innkaup leiði ekki til ríkisaðstoðar nema hún geri kleift að velja þann bjóðanda sem annast getur þjónustuna „með sem minnstum kostnaði fyrir samfélagið“.

66. Að því er varðar tilhögun útboðsins er að sjálfsögðu fullnægjandi að fylgt sé almennu<sup>(86)</sup> útboði í samræmi við áskilnað reglna um opinber innkaup, en fjórða *Altmark*-skilyrðinu má einnig fullnægja með lokuðu<sup>(87)</sup> útboði, nema komið sé í veg fyrir það án gildrar ástæðu að fyrirtæki, sem hug hafa á, geti lagt fram tilboð. Samkeppnisviðræður<sup>(88)</sup> og samningskaup að undangenginni birtingu útboðstilkynningar<sup>(89)</sup> gefa samningsstofnuninni aftur á móti mikið svigrúm til geðþóttaákvörðunar og geta takmarkað þátttöku áhugasamra fyrirtækja. Slík tilhögun getur því aðeins talist fullnægja fjórða *Altmark*-skilyrðinu í undantekningartilvikum. Með samningskaupum án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar<sup>(90)</sup> er ekki unnt að tryggja að valinn verði sá bjóðandi sem annast getur þjónustuna með sem minnstum kostnaði fyrir samfélagið.

67. Að því er varðar forsendurnar, sem ráða vali á tilboði<sup>(91)</sup>, má augljóslega fullnægja fjórða *Altmark*-skilyrðinu með því að miða við „lægsta verð“. Þá er „hagkvæmasta tilboð“<sup>(92)</sup> einnig talið fullnægjandi að því tilskildu að forsendurnar, sem ráða því vali, m.a. þær sem lúta að umhverfisþáttum<sup>(93)</sup> og félagslegum þáttum, tengist með skýrum hætti málefnasviðinu sem viðkomandi þjónusta fellur undir og geri það að verkum að hagkvæmasta tilboðið geti talist samsvara markaðsvirði<sup>(94)</sup>. Þegar þannig háttar til getur verið heppilegt að setja ákvæði um endurgreiðsluskyldu til þess að draga fyrirfram sem mest úr hættunni á ofgreiðslum. Ekkert

<sup>(84)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 114, sú gerð felld inn í EES-samninginn sem 4. liður XVI. viðauka við samninginn.

<sup>(85)</sup> Stjtið. ESB L 134, 30.4.2004, bls. 1, sú gerð felld inn í EES-samninginn sem 2. liður XVI. viðauka við samninginn.

<sup>(86)</sup> Sbr. stafl. a) í 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/18/EB, stafl. a) í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/17/EB.

<sup>(87)</sup> Sbr. stafl. b) í 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/18/EB, stafl. b) í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/17/EB.

<sup>(88)</sup> Sbr. 29. gr. tilskipunar 2004/18/EB.

<sup>(89)</sup> Sbr. 30. gr. tilskipunar 2004/18/EB, stafl. a) í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/17/EB.

<sup>(90)</sup> Sbr. 31. gr. tilskipunar 2004/18/EB. Sbr. einnig 3. mgr. 40. gr. tilskipunar 2004/17/EB.

<sup>(91)</sup> Sbr. stafl. b) í 1. mgr. 53. gr. tilskipunar 2004/18/EB, stafl. b) í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2004/17/EB.

<sup>(92)</sup> Sbr. stafl. a) í 1. mgr. 53. gr. tilskipunar 2004/18/EB, stafl. a) í 1. mgr. 55. gr. tilskipunar 2004/17/EB, mál 31/87 *Beentjes*, dómasafn 1988, bls. 4635, og mál C-225/98 *Framkvæmdastjórn gegn franska ríkinu*, dómasafn 2000, bls. I-7445, mál C-19/00 *SIAC Construction*, dómasafn 2001, bls. I-7725.

<sup>(93)</sup> Sjá til dæmis nýja útgáfu handbókarinnar „Buying Green! A Handbook on Green public procurement“ sem er birt á eftirfarandi vefsíðu: [http://ec.europa.eu/environment/gpp/buying\\_handbook\\_en.htm](http://ec.europa.eu/environment/gpp/buying_handbook_en.htm).

<sup>(94)</sup> Með öðrum orðum ber að skilgreina forsendurnar þannig að gefið sé svigrúm til virkrar samkeppni sem dregur sem mest úr forskoti bjóðandans sem hlýtur samninginn.

stendur í vegi fyrir því að samningsstofnunin geri öllum fyrirtækjum að fylgja tilteknum gæðastöðlum eða meti fyrirliggjandi tilboð á grundvelli tiltekinna gæðaaðriða þegar ákveðið er við hvaða fyrirtæki skuli samið.

68. Loks er að nefna að komið geta upp aðstæður þar sem ekki er tryggt að tiltekin aðferð við opinber innkaup leiði til þess að kostnaður samfélagsins verði sem minnstur vegna þess að hún leiðir ekki í nægilega ríku mæli til almennrar og óhindraðrar samkeppni. Ástæðan gæti til dæmis verið sérstakir eiginleikar þjónustunnar sem um ræðir, að tiltekin hugverkaréttindi séu í gildi eða að einhver nauðsynlegur búnaður sé í eigu tiltekins þjónustuveitanda. Þegar aðeins eitt tilboð kemur fram í innkaupaferlinu getur það á sama hátt ekki talist nægilegt til að tryggja að kostnaður samfélagsins verði sem minnstur.
- 3.6.2 *Fjárhæð endurgjalds þegar umboði til að annast viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu er ekki úthlutað í kjölfar útboðs*
69. Ef fyrir liggur hvaða verð talið er hæfilegt að greiða fyrir tiltekna þjónustu á markaði er það markaðsverð besta viðmiðunin þegar ákvarða þarf endurgjald án þess að útboð sé haldið <sup>(95)</sup>.
70. Ef ekkert slíkt markaðsverð liggur fyrir verður ákvörðun um endurgjaldið að byggjast á greiningu sem sýnir hvaða útgjöld dæmigert fyrirtæki, sem er vel rekið og nægilega vel búið efnislegum fongum til að geta sinnt nauðsynlegum almannaþjónustukvöðum á tilhlýðilegan hátt, hefði haft af því að fullnægja þeim kvöðum, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar af því að fullnægja kvöðunum. Markmiðið er að tryggja að ekki verði tekið mið af háum útgjöldum fyrirtækis sem er ekki rekið á hagkvæman hátt.
71. Sé engin opinber skilgreining til á hugtakinu „vel rekið fyrirtæki“ skulu stjórnvöld í EFTA-ríkjum styðjast við málefnaleg viðmið sem viðurkennt er að gefi rétta mynd af viðunandi fyrirtækjarekstri í efnahagslegum skilningi. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að það eitt að fyrirtæki skili hagnaði sé ekki nægilegt til að það geti talist „vel rekið“. Einnig ber að taka tillit til þess að rekstrarmiðurstöður fyrirtækja, sérstaklega í greinum þar sem þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu er oftast starfrækt, geta að miklu leyti ráðist af markaðsstyrk þeirra og sérreglum sem settar hafa verið í viðkomandi grein.
72. Eftirlitsstofnun EFTA lítur svo á að hugtakið „vel rekið fyrirtæki“ feli í sér að reikningsskil séu samkvæmt reglum viðkomandi lands og alþjóðastöðlum í því efni. Greining stjórnvalda í EFTA-ríkjum getur meðal annars byggst á tilteknum greiningarhlutföllum sem endurspegla framleiðni viðkomandi fyrirtækis (svo sem veltu í hlutfalli við heildarfjármagn, heildarútgjöldum í hlutfalli við veltu, veltu á hvern starfsmann, virðisauka á hvern starfsmann eða starfsmannakostnaði í hlutfalli við virðisauka). Stjórnvöld geta einnig notað hlutföll sem meta gæði þjónustunnar í samanburði við væntingar notenda. Fyrirtæki, sem falið hefur verið að annast þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu en fullnægir ekki þeim gæðaviðmiðum sem hlutaðeigandi EFTA-ríki hefur sett, telst ekki vel rekið fyrirtæki jafnvel þótt tilkostnaður þess sé lítill.
73. Þegar greiningarhlutföll af þessu tagi benda til þess að rekstur tiltekinna fyrirtækja sé hagkvæmur má líta á þau sem dæmigerð meðalfyrirtæki. Við greiningu og samanburð á kostnaðaruppbýggingu verður þó að hafa hliðsjón af stærð viðkomandi fyrirtækis og af því að í vissum greinum geta verið starfandi fyrirtæki með afar ólíka kostnaðaruppbýggingu.
74. Þegar vísað er til útgjalda „meðalfyrirtækis“ í viðkomandi grein felur það í sér að þar séu starfandi nægilega mörg fyrirtæki sem hafa megi hliðsjón af með tilliti til útgjalda. Þessi fyrirtæki geta verið starfandi í sama EFTA-ríki eða öðru aðildarríki EES-samningsins. Það er þó afstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ekki sé unnt að taka mið af útgjöldum fyrirtækis sem nýtur einokunaraðstöðu eða fær greitt endurgjald fyrir almannaþjónustu samkvæmt skilyrðum sem samræmast ekki EES-rétti, enda geta útgjöldin í báðum þeim tilvikum verið hærri en venjulegt er. Útgjöldin, sem taka ber tillit til, eru allir kostnaðarliðir sem tengjast viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, þ.e. öll bein útgjöld sem eru nauðsynleg til þess að geta innt þjónustuna af hendi svo og hæfilegt hlutfall af óbeinum kostnaði sem fellur til vegna þessarar þjónustu og annarrar starfsemi sameiginlega.

<sup>(95)</sup> Sbr. til að mynda ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli C 49/2006 – Ítalía – Aðstoðarkerfi sem stjórnvöld á Ítalíu hafa komið á fót til að greiða Poste Italiane fyrir að annast dreifingu á spariskírteinum póstsins, Stjtið. ESB L 189, 21.7.2009, bls. 3.

75. Ef stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta sýnt fram á að fyrirtækið, sem falið hefur verið að annast þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, hafi kostnaðaruppbyggingu sem samsvarar því sem gerist að meðaltali í sambærilegum, vel reknum fyrirtækjum í viðkomandi atvinnugrein telst greiðsla endurgjalds, sem nægir til að standa straum af útgjöldum fyrirtækisins, að viðbættum eðlilegum hagnaði, fullnægja fjórða *Altmark*-skilyrðinu.
76. Orðalagið „fyrirtæki, sem er nægilega vel búið efnislegum fögum“ ber að skilja þannig að það vísi til fyrirtækis sem hefur nauðsynlegt bolmagn til að fullnægja tafarlaust almannaþjónustukvöðum af því tagi sem lagðar verðar á fyrirtækið sem falið verður að annast viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu.
77. „Eðlilegan hagnað“ ber að skilja sem þá arðsemi fjármuna <sup>(96)</sup> sem dæmigert fyrirtæki myndi telja nauðsynlega í tengslum við athugun á því hvort fýsilegt væri að starfrækja viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu allan umboðstímann, að teknu tilliti til þess hversu mikil áhættan er talin vera, eins og fram kemur í undirkafla 3.5.

<sup>(96)</sup> Arðsemi fjármuna merkir þá innri ávöxtun sem fyrirtækið nær fram af fjárfestingu sinni á starfstíma verkefnisins, þ.e. innri ávöxtun af sjóðstreymi vegna samningsins.

## II. VIÐAUKI

## VI. HLUTI: REGLUR UM ENDURGJALD FYRIR ALMANNAÞJÓNUSTU, RÍKISEIGN FYRIRTÆKJA OG AÐSTOÐ VIÐ OPINBER FYRIRTÆKI

Rammaákvæði um ríkisaðstoð sem er fylgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu <sup>(1)</sup>

**1 Tilgangur og gildissvið**

1. Til þess að starfrækja megi tilteknar tegundir þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu í samræmi við sjónarmið og við skilyrði sem gera það kleift að ná settum markmiðum getur fjárhagsstuðningur hins opinbera reynst nauðsynlegur ef tekjur af starfrækslu þjónustunnar hrökkva ekki fyrir útgjöldum sem fylgja því að inna gildandi almannajónustukvöð af hendi.
2. Eins og ráða má af dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins <sup>(2)</sup> telst endurgjald fyrir almannajónustu ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sé tilteknum skilyrðum fullnægt <sup>(3)</sup>. Þegar þannig háttar til gildir ekki 1. gr. I. hluta bókar 3 við samning milli EFTA-ríkjana um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól“).
3. Endurgjald fyrir almannajónustu telst aftur á móti ríkisaðstoð ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt og ef uppfylltar eru almennar forsendur fyrir beitingu 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, og fellur þá undir ákvæði 59. og 61. gr. EES-samningsins og 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
4. Í kaflanum um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu <sup>(4)</sup> er að finna greinargerð Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir því við hvaða skilyrði beri að líta á endurgjald fyrir almannajónustu sem ríkisaðstoð. Við þetta bætist að í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar um beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart minniháttaraðstoð sem veitt er fyrirtækjum sem starfrækja þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu <sup>(5)</sup>, en sú gerð verður felld inn í EES-samninginn, verður gerð grein fyrir því hvaða skilyrðum verður að fullnægja til þess að smávægilegt endurgjald fyrir almannajónustu verði ekki talið hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjana og/eða ekki talið raska eða vera til þess fallið að raska samkeppni. Við þær aðstæður fellur endurgjaldið ekki undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins og þar með ekki málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.
5. Lagastoð fyrir mati á því hvort ríkisaðstoð vegna þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu er samrýmanleg EES-samningnum er að finna í 2. mgr. 59. gr. samningsins. Þar kemur fram að reglur EES-samningsins, einkum reglurnar um samkeppni, gildi um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur. Í 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins er þó kveðið á um undantekningu frá reglum samningsins í þeim tilvikum að beiting samkeppnisreglnanna gæti hindrað, að lögum eða í reynd, framkvæmd verkefnanna sem úthlutað hefur verið. Þessi undantekning gildir aðeins þegar þróun viðskipta er ekki raskað í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum samningsaðilanna.

<sup>(1)</sup> Þessi kafli samsvarar rammaákvæðum Evrópusambandsins um ríkisaðstoð sem er fylgin í endurgjaldi fyrir almannajónustu (2011) (Stjtið. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 15).

<sup>(2)</sup> Dómar í máli C-280/00 *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg* gegn *Nahverkehrsgesellschaft Altmark GmbH* („*Altmark*“), dómasafn 2003, bls. 1-7747, og sameinuð mál C-34/01 til C-38/01 *Enirisorse SpA* gegn *Ministero delle Finanze*, dómasafn 2003, bls. 1-14243.

<sup>(3)</sup> Í dómi sínum í *Altmark*-málinu var það niðurstaða Dómstólsins að endurgjald fyrir almannajónustu skyldi ekki teljast ríkisaðstoð ef fjórum tilgreindum skilyrðum væri öllum fullnægt. Í fyrsta lagi verða að hvíla eiginlegar almannajónustukvaðir á fyrirtækinu sem fær endurgjaldið greitt, og þær kvaðir verða að vera skýrt skilgreindar. Í öðru lagi verður að skilgreina fyrirfram og á hlutlægan og gagnsæjan hátt þær forsendur sem ráða útreikningi endurgjaldsins. Í þriðja lagi má endurgjaldið ekki vera hærra en svo að nægi til að mæta, að fullu eða að hluta, útgjöldum sem fylgja því að inna almannajónustukvaðirnar af hendi, að teknu tilliti til tekna sem koma á móti og eðlilegs hagnaðar. Í fjórða lagi, og sé fyrirtækið, sem falið er að inna af hendi almannajónustukvaðir í tilteknu tilviki, ekki valið samkvæmt aðferð við opinber innkaup sem gerir kleift að velja þann bjóðanda sem annast getur þjónustuna með sem minnstum kostnaði fyrir samfélagið, skal ákveða hversu hátt endurgjaldið þarf að vera á grundvelli greiningar sem sýnir hvaða útgjöld hefðu fallið til hjá dæmigerðu fyrirtæki sem er vel rekið og nægilega vel búið viðeigandi fongum.

<sup>(4)</sup> Samþykkt um leið og þessi rammaákvæði.

<sup>(5)</sup> Drög að reglugerðinni voru birt í Stjtið. ESB C 8, 11.1.2012, bls. 23.

6. Eftir að felld hefur verið inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/21/ESB um beitingu 2. mgr. 106. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu („ákvörðun 2012/21/ESB“) <sup>(6)</sup> munu ákvæði hennar ráða því með hvaða skilyrðum tilteknar tegundir endurgjalds fyrir almannaþjónustu geta talist samrýmanlegar framkvæmd innra markaðarins með vísan til 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og undanþegnar tilkynningarskyldunni sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(7)</sup>.
7. Meginreglurnar, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, gilda um endurgjald fyrir almannaþjónustu aðeins að því leyti sem það felur í sér ríkisaðstoð sem fellur ekki undir ákvörðun 2012/21/ESB. Endurgjald af því tagi er skylt að tilkynna fyrirfram samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Í þessum rammaákvæðum er gerð grein fyrir því með hvaða skilyrðum ríkisaðstoð af þessu tagi getur talist samrýmanleg framkvæmd innra markaðarins með vísan til 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins. Þau koma í stað kaflans um ríkisaðstoð sem er fölginn í endurgjaldi fyrir almannaþjónustu í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA <sup>(8)</sup>.
8. Meginreglurnar, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, gilda um endurgjald fyrir almannaþjónustu á sviði loft- og sjóflutninga, með fyrirvara um strangari ákvæði sem kann að vera að finna í EES-löggjöf á sviði þessara atvinnugreina. Þær gilda hvorki um landflutninga né á sviði almannaútvarps, en um hið síðarnefnda er fjallað í kaflanum um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart rekstri útvarps í almannabágu <sup>(9)</sup> í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA.
9. Aðstoð, sem veitt er vegna rekstrarerfiðleika fyrirtækja sem starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, verður metin samkvæmt kaflanum um ríkisaðstoð til björgunar og endurskipulagningar í illa stöddum fyrirtækjum <sup>(10)</sup> í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA.
10. Meginreglurnar, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, gilda með fyrirvara um:
  - a) áskilnað samkvæmt EES-rétti á sviði samkeppnismála (einkum 53. og 54. gr. EES-samningsins),
  - b) áskilnað samkvæmt EES-rétti á sviði opinberra innkaupa,
  - c) ákvæði tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2006/111/EB frá 16. nóvember 2006 um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinna fyrirtækja <sup>(11)</sup>,
  - d) annan áskilnað sem leiðir af EES-samningnum eða sérákvæðum EES-löggjafar á sviði viðkomandi atvinnugreina.

## 2 Skilyrði sem ráða því hvort endurgjald fyrir almannaþjónustu, sem felur í sér ríkisaðstoð, telst samrýmanlegt gildandi reglum

### 2.1 Almenn ákvæði

11. Eins og uppbyggingu innra markaðarins er nú komið er heimilt að lýsa ríkisaðstoð, sem fellur utan gildissviðs ákvörðunar 2012/21/ESB, samrýmanlega 2. mgr. 59. gr. samningsins ef hún er nauðsynleg til þess að unnt sé að starfrækja þá þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu sem um ræðir, enda hafi hún ekki áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum aðildarríkja EES. Til þess að þessu jafnvægi geti talist náð verður skilyrðunum, sem lýst er í undirköflum 2.2 til 2.10, að vera fullnægt.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 7, 11.1.2012, bls. 3.

<sup>(7)</sup> Þar til ákvörðun 2012/21/ESB hefur verið felld inn í EES-samninginn gildir að sé aðstoð af þessu tagi ekki undanþegin tilkynningarskyldunni með vísan til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2005/842/EB frá 28. nóvember 2005 um beitingu 2. mgr. 86. gr. EB-sáttmálans gagnvart ríkisaðstoð í formi bóta til tiltekinna fyrirtækja sem veita opinbera þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, sjá lið 1h í XV. viðauka, er hún tilkynningarskyld samkvæmt almennum ákvæðum þess efnis í 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 109, 26.4.2007, bls. 44, og EES-viðbætur nr. 20, 26.4.2007, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Bíða birtingar í Stjtið. ESB og EES-viðbæti.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 97, 15.4.2005, bls. 41, og EES-viðbætur nr. 18, 15.4.2005, bls. 1.

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 318, 17.11.2006, bls. 17. Sú gerð felld inn í EES-samninginn sem liður 1a í XV. viðauka.

## 2.2 *Starfrækt sé eiginleg þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu af því tagi sem um getur í 59. gr. EES-samningsins*

12. Aðstoðin verður að renna til starfrækslu eiginlegrar og rétt skilgreindrar þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu af því tagi sem um getur í 59. gr. EES-samningsins.
13. Kaflinn um beitingu reglna um ríkisaðstoð gagnvart endurgjaldi sem greitt er fyrir að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu hefur að geyma leiðsögn Eftirlitsstofnunar EFTA um þær kröfur sem uppfylla þarf í tengslum við skilgreiningu á þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu. Mestu skiptir að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta ekki látið sérstakar almannaðjónustukvaðir gilda í tengslum við þjónustu sem þegar er sinnt eða unnt væri að sinna á fullnægjandi hátt og í samræmi við skilmála sem samræmast almannahag, svo sem að því er varðar verð, hlutlæga gæðaeiginleika, samfellu og aðgang að þjónustunni, af hálfu fyrirtækja sem búa við venjuleg markaðsskilyrði. Með tilliti til þess hvort markaðsaðilar gætu annast þjónustuna takmarkast mat Eftirlitsstofnunar EFTA við athugun á því hvort augljós mistök ógildi skilgreiningu stjórnvalda í EFTA-ríkinu, nema kveðið sé á um strangara eftirlit í EES-löggjöf.
14. Með tilliti til beitingar þeirra meginreglna, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, ber stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum að sýna fram á að þau hafi athugað á fullnægjandi hátt hversu mikil þörf er fyrir almannaðjónustuna sem styrkt er, annaðhvort með samráði við almenning eða með öðrum aðferðum sem teljast heppilegar til að taka tillit til hagsmuna notenda og þjónustuveitenda. Þetta á ekki við þegar slíkt samráð hefur átt sér stað nýlega og fyrir liggur að litill ávinningur væri að því að halda samráð að nýju.

## 2.3 *Gefið sé út umboðsskjal þar sem almannaðjónustukvaðirnar eru tilgreindar svo og samkvæmt hvaða aðferðum endurgjaldið skuli reiknað*

15. Þegar fyrirtæki er veitt umboð til að sinna þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu verður það að gerast á grundvelli formlegs skjals, eins eða fleiri, en stjórnvöldum í hverju EFTA-ríki er í sjálfsvald sett hvaða form er notað. Undir hugtakið „stjórnvöld í EFTA-ríki“ falla stjórnvöld á landsvísu, héraðsstjórnir og sveitarstjórnir.
16. Í skjalinu eða skjölunum verða einkum að koma fram eftirtalin atriði:
  - a) Í hverju almannaðjónustukvaðirnar eru fölgjar og hver gildistími þeirra er.
  - b) Hvaða fyrirtæki á í hlut, svo og hvert starfssvæði þess er ef það á við.
  - c) Hvað fölgir er í einkarétti eða sérstökum réttindum sem hlutaðeigandi stjórnvald úthlutar fyrirtækinu, ef um slíkt er að ræða.
  - d) Lýsing á þeirri tilhögun sem fylgt er við greiðslu endurgjalds og forsendunum sem ráða útreikningi endurgjaldsins, eftirliti með því og endurskoðun.
  - e) Hvaða ráðstafanir eru gerðar til að forðast ofgreiðslur og endurheimta endurgjald sem kann að hafa verið ofgreitt.

## 2.4 *Umboðstíminn sé hæfilega langur*

17. Lengd umboðstímans verður að mega réttlæta með vísan til málefnaþregra ástæðna, svo sem þeirra að svigrúm þurfi að vera til að afskrifa fastafjármuni sem ekki sé unnt að framselja til annarra. Grundvallarreglan er sú að umboðstíminn á ekki að vera lengri en nauðsynlegt er til þess að afskrifa helstu fastafjármuni sem þörf er á vegna starfrækslu viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu.

## 2.5 *Virt séu ákvæði tilskipunar 2006/111/EB*

18. Aðstoð verður aðeins talin samrýmanleg framkvæmd innra markaðarins með vísan til 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins ef fyrirtækið, sem á í hlut, virðir ákvæði tilskipunar 2006/111/EB eftir því sem við á <sup>(12)</sup>. Aðstoð, sem samræmist ekki ákvæðum þeirrar tilskipunar, telst hafa áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum EES-ríkjanna í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

<sup>(12)</sup> Tilskipun 2006/111/EB um gagnsæi fjármálatengsla milli aðildarríkjanna og opinberra fyrirtækja, svo og gagnsæi í fjármálum tiltekinn fyrirtækja. Sú gerð felld inn í EES-samninginn sem liður 1a í XV. viðauka.

## 2.6 *Virt séu ákvæði EES-reglna á sviði opinberra innkaupa*

19. Aðstoð verður aðeins talin samrýmanleg framkvæmd innra markaðarins með vísan til 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins ef stjórnvaldið, sem fer með málið, hefur virt eða skuldbundið sig til að virða gildandi EES-reglur á sviði opinberra innkaupa þegar viðkomandi fyrirtæki var veitt umboð til að starfrækja þjónustuna. Hér er um að ræða hvers kyns áskilnað um gagnsæi, jafna meðferð og mismununarleysi sem leiðir beint af ákvæðum EES-samningsins, svo og afleiddum EES-rétti eftir því sem við á. Aðstoð, sem samræmist ekki slíkum reglum og áskilnaði, telst hafa áhrif á þróun viðskipta í þeim mæli að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum EES-ríkjanna í skilningi 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins.

## 2.7 *Engin mismunun sé viðhöfð*

20. Þegar stjórnvald felur fleiri en einu fyrirtæki að starfrækja sömu þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu ber að reikna endurgjald allra fyrirtækjanna samkvæmt sömu aðferð.

## 2.8 *Fjárhæð endurgjaldsins sé hæfilega ákvörðuð*

21. Endurgjaldið má ekki vera hærra en svo að nægi til að mæta hreinum kostnaði <sup>(13)</sup> við að fullnægja almannaþjónustukvöðunum, að teknu tilliti til eðlilegs hagnaðar.
22. Fjárhæð endurgjaldsins má ákveða annaðhvort með vísan til áætlaðra útgjalda og tekna eða vitneskju um raunútgjöld og rauntekjur, eða með því að sameina báðar þessar aðferðir, allt eftir því hvaða leiðir stjórnvöld í EFTA-rikinu vilja fara í upphafi til að hvetja til aukinnar hagkvæmni, í samræmi við 40. og 41. mgr.
23. Ef endurgjaldið er að hluta eða að öllu leyti byggt á áætluðum útgjöldum og tekjum verða þær tölur að koma fram í umboðsskjalinu. Þær verða að byggjast á trúverðugum og sannreynanlegum forsendum um efnahagssumhverfið sem viðkomandi þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu er starfrækt í. Þegar við á verða þær að taka mið af sérþekkingu opinberra aðila sem sinna eftirliti í greininni eða annarra stofnana sem eru óháðar fyrirtækinu. Stjórnvöld í EFTA-rikinu verða að tilgreina heimildirnar sem þessar áætluðu tölur eru byggðar á <sup>(14)</sup>. Áætluð útgjöld verða að endurspegla væntingar um hversu mikið fyrirtækinu, sem starfrækir viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, muni takast að auka hagkvæmni í rekstri sínum á umboðstímanum.

*Hreinn kostnaður sem fylgir því að inna almannaþjónustukvaðir af hendi*

24. Við útreikning á hreinum kostnaði, sem fylgir eða telja má að fylgi því að inna almannaþjónustukvaðirnar af hendi, skal nota aðferð sem miðast við hreinan hjákvæmilegan kostnað hvenær sem það er áskilið í EES-löggjöf eða landslögum svo og í öðrum tilvikum þar sem því verður við komið.

*Aðferð sem miðast við hreinan hjákvæmilegan kostnað*

25. Þegar notuð er aðferð, sem miðast við hreinan hjákvæmilegan kostnað, er hreinn kostnaður, sem fylgir eða talið er að muni fylgja því að inna almannaþjónustukvaðirnar af hendi, reiknaður sem munurinn á hreinum kostnaði þjónustuveitanda af rekstri samkvæmt almannaþjónustukvöðinni og hreinum kostnaði, eða hagnaði, sama þjónustuveitanda af rekstri án þeirrar kvaðar. Huga verður vel að því að meta rétt útgjöldin sem áætlað er að þjónustuveitandi gæti komist hjá og tekjurnar sem áætlað er að hann yrði af ef engar almannaþjónustukvaðir væru í gildi. Við útreikning á hreinum kostnaði ber að áætla hagræði þjónustuveitanda af kvöðunum, þar á meðal óefnislegt hagræði.
26. Í IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/22/EB frá 7. mars 2002 um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu <sup>(15)</sup> og I. viðauka við

<sup>(13)</sup> Í þessu tilliti merkir hreinn kostnaður hreinan kostnað samkvæmt því sem fram kemur í 25. mgr. eða útgjöld að frádregnum tekjum þegar ekki er unnt að nota aðferð sem miðast við hreinan hjákvæmilegan kostnað.

<sup>(14)</sup> Upplýsingar sem nálgast má á opinberum vettvangi, útgjöld þjónustuveitandans á liðnum árum, útgjöld keppinauta, rekstraráætlanir, skýrslur um afkomu greinarinnar o.s.frv.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 108, 24.4.2002, bls. 51. Sú gerð felld inn í EES-samninginn sem liður 5cm í XI. viðauka.

tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/67/EB frá 15. desember 1997 um sameiginlegar reglur varðandi þróun innri markaðar bandalagsins á sviði pósthjónustu og umbætur á þeirri þjónustu <sup>(16)</sup> er að finna ítarlegri leiðsögn um hvernig beita skal aðferð sem miðast við hreinan hjákvæmilegan kostnað.

27. Enda þótt Eftirlitsstofnun EFTA telji að kostnaður af því að inna almannaþjónustukvöð af hendi verði ekki áætlaður með nákvæmari aðferð en þeirri sem miðast við hreinan hjákvæmilegan kostnað geta komið upp tilvik þar sem ógerlegt eða óeðlilegt er að nota þá aðferð. Í slíkum tilvikum getur stofnunin fallist á það, þegar gildar ástæður eru til, að aðrar aðferðir séu notaðar til að reikna hreinan kostnað sem fylgir því að inna almannaþjónustukvaðir af hendi, til dæmis aðferð sem byggist á ráðstöfun kostnaðarliða.

#### *Aðferð sem byggist á ráðstöfun kostnaðarliða*

28. Þegar notuð er aðferð, sem byggist á ráðstöfun kostnaðarliða, má reikna hreinan kostnað af því að inna almannaþjónustukvaðirnar af hendi sem muninn á þeim útgjöldum og þeim tekjum skipaðs þjónustuveitanda sem tengjast starfi hans við að fullnægja kvöðunum, eins og þær upplýsingar eru tilgreindar og áætlaðar í umboðsskjalinu.
29. Útgjöldin, sem taka ber tillit til, eru öll nauðsynleg útgjöld vegna starfrækslu viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu.
30. Stundi fyrirtækið ekki aðra starfsemi en þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu er heimilt að taka öll útgjöld þess til greina.
31. Ef fyrirtækið hefur einnig með höndum starfsemi utan þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu geta útgjöldin, sem taka ber tillit til, verið öll bein útgjöld sem eru nauðsynleg til þess að geta innt þjónustuna af hendi svo og hæfilegt hlutfall af óbeinum kostnaði sem fellur til vegna þessarar þjónustu og annarrar starfsemi sameiginlega. Til útgjalda vegna annarrar starfsemi en þjónustunnar, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, verður að telja allan beinan kostnað og hæfilega hátt hlutfall af sameiginlegum kostnaðarliðum. Hæfilegt hlutfall af sameiginlegum kostnaði má áætla með því að taka mið af markaðsverði fyrir notkun á fongum af því tagi sem um ræðir, þegar það verð er þekkt <sup>(17)</sup>. Ef ekkert slíkt markaðsverð liggur fyrir má áætla hæfilegt hlutfall af sameiginlegum kostnaði með vísan til þess sem talist getur eðlilegur hagnaður <sup>(18)</sup> fyrirtækisins vegna starfsemi utan þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, eða með öðrum aðferðum þegar viðeigandi þykir.

#### *Tekjur*

32. Til tekna, sem taka skal til greina, verður að telja að minnsta kosti allar tekjur af þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, eins og henni er lýst í umboðsskjalinu, svo og umframhagnað sem rekja má til sérstakra réttinda eða einkaréttar sem úthlutað hefur verið, jafnvel þótt sá hagnaður tengist annarri starfsemi eins og fjallað er um í 45. mgr., óháð því hvort sá umframhagnaður telst ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

#### *Eðlilegur hagnaður*

33. Eðlilegan hagnað ber að skilja sem þá arðsemi fjármuna <sup>(19)</sup> sem dæmigert fyrirtæki myndi telja nauðsynlega í tengslum við athugun á því hvort fýsilegt væri að starfrækja viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu allan umboðstímann, að teknu tilliti til þess hversu mikil áhættan er talin vera. Hversu mikil áhættan er ræðst af því hvaða atvinnugrein um er að ræða, hvers eðlis þjónustan er og hvaða tilhögun er fylgt við greiðslu endurgjalds.

<sup>(16)</sup> Stjtið. EB L 15, 21.1.1998, bls. 14. Sú gerð felld inn í EES-samninginn sem liður 5d í XI. viðauka.

<sup>(17)</sup> Í *Chronopost*-málinu (sameinuðum málum C-83/01 P, C-93/01 P og C-94/01 P *Chronopost SA*, dómasafn 2003, bls. I-6993), var af hálfu Dómstóls Evrópusambandsins vísað til „eðlilegra markaðsskilyrða“: „Sökum þess að enginn kostur er á að bera aðstæður *La Poste* saman við aðstæður *einkarekinnar fyrirtækjasamstæðu sem starfar ekki í verndaðri atvinnugrein verður mat á því hvað telst „eðlileg markaðsskilyrði“, þó að um tilgátu hljóti að vera að ræða, að fara fram með vísan til hlutlægra og sannreynanlegra atriða sem vitneskja er um“.*

<sup>(18)</sup> Mat á eðlilegum hagnaði verður látið ráðast af því sem fyrir liggur í upphafi (þ.e. áætluðum hagnaði fremur en upplýsingum um raunhagnað) til þess að draga ekki úr hvata fyrirtækisins til að auka hagkvæmni í rekstri sem er ótengdur þjónustunni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu.

<sup>(19)</sup> Arðsemi fjármuna er hér skilgreind sem sú innri ávöxtun sem fyrirtækið nær fram af fjárfestingu sinni á starfstíma verkefnisins, þ.e. innri ávöxtun af sjóðstreymi vegna samningsins.

34. Þegar gildar ástæður eru til má nota aðrar vísbendingar um hagnað en arðsemi fjármuna til þess að áætla hvað telja skuli eðlilegan hagnað, svo sem meðalarðsemi eiginfjár<sup>(20)</sup> á umboðstímanum, arðsemi heildarfjármuna, arðsemi eigna eða arðsemi sölustarfsemi.
35. Hvor hagnaðarvísirinn sem valinn er verða stjórnvöld í EFTA-ríkinu að færa Eftirlitsstofnun EFTA sönnur á að áætlaður hagnaður verði ekki meiri en sem nemur því sem dæmigert fyrirtæki, sem hefði til athugunar að starfrækja þjónustuna, myndi telja nauðsynlegt, til að mynda með því að vísa til arðsemi sem náðst hefur af sambærilegum samningum sem gerðir hafa verið á samkeppnisforsendum.
36. Arðsemi fjármuna telst eðlileg, hvað sem öðru líður, ef hún er ekki umfram viðeigandi skiptavexti<sup>(21)</sup> að viðbættu 100 grunnpunkta álagi<sup>(22)</sup>. Viðeigandi skiptavextir eru vextir vaxtaskiptasamninga með gjalddaga og í gjaldmiðli sem samsvara gildistíma umboðsskjalsins og gjaldmiðlinum sem þar er miðað við.
37. Ef umtalsverð rekstrar- eða samningsáhætta fylgir starfrækslu þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, til að mynda vegna þess að endurgjaldið er föst eingreiðsla sem ætlað er að samsvara áætluðum hreinum kostnaði auk eðlilegs hagnaðar, og fyrirtækið starfar í samkeppnisumhverfi, má ekki ákvarða eðlilegan hagnað hærri en svo að hann samsvari arðsemi fjármuna sem telst hæfileg að teknu tilliti til áhættu. Þá arðsemi skal áætla, eftir því sem unnt er, með vísan til þeirrar arðsemi fjármuna sem unnt er ná fram af sambærilegum samningum um almannaþjónustu sem gerðir eru á samkeppnisforsendum (til að mynda samningum sem gerðir eru í kjölfar útboðs). Verði þeirri aðferð ekki við komið má einnig nota aðrar aðferðir til að áætla arðsemi fjármuna, enda séu gildar ástæður til<sup>(23)</sup>.
38. Ef engin umtalsverð rekstrar- eða samningsáhætta fylgir starfrækslu þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, til að mynda vegna þess að allur hreinn kostnaður við að starfrækja þjónustuna fæst í stórum dráttum endurgreiddur eftir á, má ekki ákvarða eðlilegan hagnað hærri en svo að hann samsvari því sem tilgreint er í 36. mgr. Þegar staðið er að greiðslu endurgjalds með þessum hætti er þjónustuveitandanum enginn hvati búinn til að auka hagkvæmni. Þessa leið má því eingöngu fara þegar stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki geta fært fullnægjandi rök fyrir því að ógerlegt eða óeðlilegt sé að taka mið af framleiðsluhagkvæmni og haga samningi þannig að hann feli í sér hvata til aukinnar hagkvæmni.

#### *Hvatar til aukinnar hagkvæmni*

39. Þegar ákveðið er hvaða tilhögun skuli fylgt við greiðslu endurgjalds verða stjórnvöld í EFTA-ríkjunum að gera ráð fyrir hvötum til að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu á vandaðan og hagkvæman hátt, nema þau geti fært fullnægjandi rök fyrir því að slíkt væri ógerlegt eða óeðlilegt.
40. Haga má hvötum til aukinnar hagkvæmni með mismunandi hætti þannig að þeir falli sem best að sérstökum aðstæðum í viðkomandi tilviki eða atvinnugrein. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta til að mynda ákveðið þegar í upphafi að endurgjaldið skuli nema fastrí fjárhæð sem tekur fyrirfram mið af þeirri hagkvæmniaukningu sem vænta má að fyrirtækið nái fram á umboðstímanum.
41. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum geta einnig farið þá leið að setja tiltekin markmið um aukna rekstrarhagkvæmni í umboðsskjalinu og láta fjárhæð endurgjaldsins ráðast af því hversu vel hefur gengið að ná þeim markmiðum. Ef fyrirtækið nær ekki settum markmiðum ber að lækka

<sup>(20)</sup> Arðsemi eiginfjár er kennitala reikningssskila sem er skilgreind fyrir hvert tiltekið ár sem hlutfallið milli rekstrarhagnaðar fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) og eiginfjár á því ári. Meðalarðsemi frá ári til árs skal reiknuð fyrir allan umboðstímann á grundvelli afvöxtunarþátta sem getur verið annaðhvort fjármagnskostnaður fyrirtækisins eða vextir sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður í samræmi við ákvæði kaflans um viðmiðunar- og afreiknivexti í leiðbeiningum stofnunarinnar um ríkisaðstoð (Stjtið. ESB L 105, 21.4.2011, bls. 32, og EES-viðbætur nr. 23, 21.4.2011, bls. 1), sem er birtur á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA á eftirfarandi slóð: <http://www.efasurv.int/state-aid/rates>, eftir því sem betur á við hverju sinni.

<sup>(21)</sup> Skiptavextir eru vextir sem eru hliðstæða hefðbundinna millibankavaxta (IBOR) en gilda til lengri tíma. Á fjármálamerkuðum eru þeir notaðir sem viðmiðunarvextir við útreikning á vaxtakostnaði fjármögnunar.

<sup>(22)</sup> 100 grunnpunkta álagið gegnir meðal annars þeim tilgangi að mæta seljanleikaáhættu sem rekja má til þess að fyrirtæki, sem annast þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu og leggur fram fjármuni í tengslum við samning þess efnis, bindur það fé allan gildistíma umboðsskjalsins og getur ekki komið eignarhlut sínum í verð jafnhvatt og með jafnlitlum tilkostnaði og unnt væri ef um væri að ræða algenga og auðseljanlega áhættulausa eign.

<sup>(23)</sup> Til að mynda með því að nota sem samanburð vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) vegna viðkomandi starfsemi fyrirtækisins, eða meðalarðsemi fjármuna í greininni næstu ár á undan, þó þannig að hugað sé að því hvort rétt geti talist að nota upplýsingar frá liðnum árum til að spá fyrir um framtíðarþróun.

endurgjaldið í samræmi við reikniadóferð sem lýst skal í umboðsskjalinu. Ef árangur fyrirtækisins er aftur á móti umfram sett markmið ber að hækka endurgjaldið í samræmi við aðferð sem lýst skal í umboðsskjalinu. Ábati fyrirtækisins af því að ná fram aukinni hagkvæmni skal ákveðinn þannig að sá ávinningur skiptist með tilhlýðilegum hætti milli fyrirtækisins og EFTA-ríkisins og/ eða notenda.

42. Hvers kyns tilhögun af þessu tagi, sem notuð er til að hvetja til aukinnar hagkvæmni, verður að byggjast á hlutlægum og mælanlegum viðmiðum sem tilgreind eru í umboðsskjalinu og lúta gagnsæju mati sem fram fer eftir á vegum stofnunar sem er óháð fyrirtækinu sem starfrækir viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu.
43. Hagkvæmniaukningin verður að nást án þess að það bitni á gæðum þjónustunnar sem starfrækt er og í samræmi við það sem mælt er fyrir um í EES-löggjöf.

*Ákvæði um fyrirtæki sem auk þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu hafa með höndum aðra starfsemi eða starfrækja fleiri en eina tegund þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu*

44. Ef fyrirtæki hefur með höndum starfsemi bæði innan og utan þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu verður að haga innri reikningsskilum fyrirtækisins þannig að greint sé milli útgjalda og tekna vegna þjónustunnar með almenna efnahagslega þýðingu og vegna annarrar þjónustu í samræmi við reglurnar sem lýst er í 31. mgr. Ef fyrirtæki hefur verið falið að starfrækja fleiri en eina tegund þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, vegna þess að um er að ræða mismunandi samningsstofnanir eða eðli þjónustunnar er mismunandi, verður að haga innri reikningsskilum fyrirtækisins þannig að sannreyna megi fyrir hverja einstaka þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu að endurgjald hafi ekki verið ofgreitt.
45. Ef fyrirtækið er handhafi einkaréttar eða sérstakra réttinda í tengslum við aðra starfsemi en þá þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu sem aðstoðin beinist að, og hefur af því hagnað umfram það sem eðlilegt getur talist eða nýtur annars forskots fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, verður að taka tillit til þess hagnaðar, óháð því hvornig hann er flokkaður með tilliti til 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, og telja hann með tekjum fyrirtækisins. Mat á því hvað telst eðlilegur hagnaður af starfsemi, sem fyrirtækinu hefur verið úthlutað sérstökum réttindum eða einkarétti til að sinna, verður að fara fram með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fyrir liggja í upphafi um áhættu, eða áhættuleysi, hlutaðeigandi fyrirtækis. Í því mati verður einnig að taka tillit til þeirra hvata til aukinnar hagkvæmni sem stjórnvöld í EFTA-ríkinu hafa komið upp í tengslum við starfrækslu þjónustunnar sem um ræðir.
46. Stjórnvöld í EFTA-ríkinu geta ákveðið að hagnaður af annarri starfsemi, ótengdri viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu, einkum starfsemi sem nýtir aðstöðu sem er nauðsynleg til að starfrækja þjónustuna sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, verði að standa undir kostnaði við þá þjónustu að öllu leyti eða að hluta.

*Ofgreitt endurgjald*

47. Ofgreitt endurgjald ber að skilja sem endurgjald sem greitt er hlutaðeigandi fyrirtæki umfram aðstoðarfjárhæð sem skilgreind hefur verið fyrir samningstímamann í heild í samræmi við 21. mgr. Þegar hagkvæmni eykst meira en búist var við er fyrirtækinu heimilt, eins og fram kemur í 39.–42. mgr., að halda umframtekjum, sem myndast á þann hátt, eftir sem eðlilegum viðbótarhagnaði í samræmi við ákvæði umboðsskjalsins <sup>(24)</sup>.
48. Þar eð ofgreitt endurgjald er ekki nauðsynlegt til þess að unnt sé að starfrækja viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu telst það hafa í för með sér ríkisaðstoð sem er ósamrýmanleg gildandi reglum.
49. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum verða að sjá til þess að endurgjaldið, sem greitt er fyrir starfrækslu þjónustunnar sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, fullnægi áskilnaði samkvæmt þessum rammaákvæðum og umfram allt að fyrirtæki fái ekki greitt endurgjald umfram þá fjárhæð sem ákveðin hefur verið í samræmi við áskilnað þessa undirkafla. Þau verða að leggja fram gögn

<sup>(24)</sup> Með hliðstæðum hætti verður fyrirtækið að taka á sig að hluta tap sem rekja má til þess að hagkvæmniaukningin er minni en vænst var, ef kveðið er á um það í umboðsskjalinu.

Þessu til staðfestingar berist beiðni um það frá Eftirlitsstofnun EFTA. Skylt er að viðhafa reglulegt eftirlit að þessu leyti, eða tryggja að slíkt eftirlit eigi sér stað, við lok umboðstímans svo og í öllum tilvikum á þriggja ára fresti hið mesta. Þegar um ræðir aðstoð, sem veitt er á annan hátt en á grundvelli samningskaupa að undangenginni birtingu útboðstilkynningar<sup>(25)</sup>, ber að jafnaði að viðhafa eftirlit að minnsta kosti annað hvert ár.

50. Hafi stjórnvöld í EFTA-rikinu ákveðið þegar í upphafi að endurgjaldið skuli nema fastri fjárhæð sem tekur fyrirfram mið af þeirri hagkvæmniaukningu sem vænta má að veitandi almannaþjónustunnar nái fram á umboðstímanum, á þeim grundvelli að útgjöldum og tekjum sé ráðstafað á réttan hátt og með vísan til eðlilegra væntinga í samræmi við það sem lýst er í þessum undirkafla, snýst eftirlit með því hvort um ofgreiðslur er að ræða fyrst og fremst um að sannreyna að sá hagnaður, sem þjónustuveitanda er heimilt að reikna sér í samræmi við umboðsskjalid, geti í reynd talist eðlilegur með hliðsjón af því sem fyrir liggur í upphafi.
- 2.9 Annar áskilnaður sem getur verið nauðsynlegur til þess að forðast að þróun viðskipta verði fyrir áhrifum í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum EES-rikkanna**
51. Áskilnaður undirkaflanna 2.1–2.8 nærir venjulega til þess að tryggja að aðstoðin raski ekki samkeppni á þann hátt að stríði gegn hagsmunum EES-rikkanna.
52. Þó er hugsanlegt að í tilteknum undantekningartilvikum verði alvarleg samkeppnisröskun á innra markaðnum sem engar ráðstafanir hafa verið gerðar við og aðstoðin gæti þá haft áhrif á viðskipti í þeim mæli að stríði gegn hagsmunum EES-rikkanna.
53. Í slíkum tilvikum tekur Eftirlitsstofnun EFTA til skoðunar hvort milda má áhrif slíkrar röskunar með því setja tiltekin skilyrði eða óska eftir skuldbindingum af hálfu hlutaðeigandi EFTA-ríkis.
54. Ekki er að búast við alvarlegri samkeppnisröskun, sem stríðir gegn hagsmunum EES-rikkanna, nema í undantekningartilvikum. Athygli Eftirlitsstofnunar EFTA verður aðeins beint að samkeppnisröskun sem veldur því að aðstoðin hefur umtalsverð óæskileg áhrif í öðrum EES-rikkjum og á framkvæmd EES-samningsins, til að mynda á þann hátt að gera fyrirtækjum í mikilvægum greinum atvinnulífsins ókleift að auka umsvif sín nægilega til þess að reksturinn verði hagkvæmur.
55. Röskun af þessu tagi getur til að mynda komið fram þegar umboðið er annaðhvort veitt til lengri tíma en svo að réttlætt verði með vísan til málefnaþregra ástæðna (svo sem þeirra að svigrúm þurfi að vera til að afskrifa fastafjármuni sem ekki er unnt að framsetja til annarra) eða til að annast ýmis mismunandi verkefni (sem að jafnaði eru hvert um sig háð sérstöku umboði, án þess að það bitni á félagslegum ávinningi af þjónustunni eða nokkur nýr kostnaður hljóttist af þegar litið er til þeirrar hagkvæmni og þess árangurs sem náðst hefur í starfrækslu þjónustunnar). Við slíkar aðstæður myndi athugun Eftirlitsstofnunar EFTA snúa að því hvort einnig væri unnt að starfrækja sömu almannaþjónustu þannig að til minni röskunar kæmi, til dæmis með því að gefa út þregra umboð að því er varðar gildistíma eða gildissvið eða sérstakt umboð fyrir hvert þjónustuverkefni.
56. Ítarlegra mats getur einnig verið þörf þegar stjórnvöld í EFTA-rikinu fela veitanda almannaþjónustu það verkefni, án þess að notuð sé valaðferð sem byggist á samkeppni, að starfrækja þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu á markaði sem er ekki verndaður og þar sem þegar er framboð á mjög svipaðri þjónustu eða búast má við slíku framboði í náinni framtíð þó að ekki verði skilgreind þar þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu. Skýrari óæskileg áhrif á þróun viðskipta geta komið fram þegar fyrirhugað er að bjóða viðkomandi þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu á verði sem er lægra en tilkostnaður nokkurs þess þjónustuveitanda sem er þegar starfandi eða fram gæti komið, en það myndi útiloka þau fyrirtæki frá markaðnum. Þó að Eftirlitsstofnun EFTA virði að fullu rúmar heimildir stjórnvalda í EFTA-rikinu til að skilgreina þjónustu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu getur stofnunin af þessum sökum krafist breytinga, til að mynda á greiðslu aðstoðar, þegar hún getur fært gild rök fyrir því að unnt væri að starfrækja sömu þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu með sambærilegum skilyrðum að því er notendur varðaði, þannig að til minni röskunar kæmi og með minni kostnaði fyrir ríkið.

<sup>(25)</sup> Dæmi um þetta eru aðstoð sem veitt er í tengslum við samninga sem gilda innan fyrirtækis, sérleyfi sem útlutað er án samkeppni og samningskaup án undangenginnar birtingar útboðstilkynningar.

57. Þá er einnig ástæða til nánari athugunar þegar umboð til að annast þjónustu með kvöðum er tengt sérstökum réttindum eða einkarétti sem leiðir til nógu alvarlegra samkeppnishindrana á innra markaðnum til að stríði gegn hagsmunum EES-ríkjanna. Þó að helsti grundvöllur mats á slíkum tilvikum sé eftir sem áður 1. mgr. 59. gr. EES-samningsins má ekki úrskurða aðstoðina samrýmanlega gildandi reglum þegar einkarétturinn hefur í för með sér forskot sem ekki er með góðu móti unnt að meta, magnsetja eða afmarka með þeim aðferðum til útreiknings á hreinum kostnaði við þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu sem lýst er í undirkafla 2.8.
58. Athugun Eftirlitsstofnunar EFTA verður einnig beint að tilvikum þar sem aðstoðin gerir viðkomandi fyrirtæki kleift að koma upp eða nýta aðstöðu sem aðrir geta ekki líkt eftir og útiloka þannig önnur fyrirtæki frá markaðnum þar sem viðkomandi þjónusta með almenna efnahagslega þýðingu er starfrækt eða frá öðrum skyldum viðkomandi mörkuðum. Við þær aðstæður getur verið heppilegt að áskilja að keppinautum sé veittur sanngjarn og mismununarlaus aðgangur að aðstöðunni með viðeigandi skilyrðum.
59. Ef rekja má samkeppnisröskun til þess að umboðið hindri árangursríka framkvæmd eða fullnustu EES-löggjafar sem sett hefur verið til þess að standa vörð um starfsemi innra markaðarins verður athugað af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA hvort einnig væri unnt að starfrækja almannaðjónustuna þannig að til minni röskunar kæmi, til að mynda með því að koma að fullu til framkvæmda sérákvæðum EES-löggjafar á sviði viðkomandi atvinnugreinar.

### **2.10 Gagnsæi**

60. Stjórnvöld í viðkomandi EFTA-ríki verða að birta á lýðnetinu eða á annan heppilegan hátt eftirtaldir upplýsingar um hvers kyns endurgjald fyrir þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu sem fellur undir þessi rammaákvæði:
- Niðurstöður samráðs við almenning eða annarra viðeigandi aðferða sem um getur í 14. mgr.
  - Í hverju almannaðjónustukvaðirnar eru fólgnar og hver gildistími þeirra er.
  - Hvaða fyrirtæki á í hlut, svo og hvert starfssvæði þess er ef það á við.
  - Fjárhæð þeirrar aðstoðar sem rennur til viðkomandi fyrirtækis á hverju tilteknu ári.

### **2.11 Aðstoð sem fullnægir skilyrðum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2012/21/ESB.**

61. Meginreglurnar, sem fram koma í 14., 19., 20., 24., 39. og 51.–59. mgr. og stafl. a) í 60. mgr., gilda ekki um aðstoð sem fullnægir skilyrðum samkvæmt 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar 2012/21/ESB.

### **3 Skýrslugjöf og mat**

62. Stjórnvöld í EFTA-ríkjunum skulu annað hvert ár afhenda Eftirlitsstofnunar EFTA skýrslu um hvernig staðið hefur verið að því að fullnægja þessum rammaákvæðum. Skýrslan verður að hafa að geyma yfirlit um hvernig rammaákvæðunum hefur verið beitt gagnvart þjónustuveitendum í mismunandi greinum, m.a.:
- Lýsingu á því hvernig meginreglunum, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, hefur verið beitt gagnvart þjónustu sem fellur undir ákvæðin, þar með talið þjónustu sem starfrækt er innan veggja tiltekins fyrirtækis,
  - heildarfjárhæð aðstoðar sem runnið hefur til fyrirtækja sem falla undir þessi rammaákvæði, með sundurliðun eftir þeim atvinnugreinum sem aðstoðarþegarnir tilheyra,
  - umfjöllun um hvort það hefur haft vandkvæði í för með sér eða leitt til kvartana frá þriðja aðila að meginreglunum, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, væri beitt gagnvart tiltekinni tegund þjónustu,
  - hvers kyns upplýsingar aðrar sem Eftirlitsstofnunar EFTA kann að fara fram á um beitingu meginreglnanna sem fram koma í þessum rammaákvæðum, enda komi slík krafa fram með góðum fyrirvara þegar líður að birtingu skýrslunnar.

Frestur til að skila fyrstu skýrslu af þessu tagi er til 30. júní 2014.

63. Við þetta bætist að samkvæmt II. hluta bókar 3 við samninginn um eftirlitsstofnunar og dómstól og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 195/04/COL frá 14. júlí 2004 um framkvæmdarákvæði sem

um getur í 27. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól <sup>(26)</sup> ber stjórnvöldum í EFTA-ríkjunum að afhenda Eftirlitsstofnun EFTA árlega skýrslu um aðstoð sem veitt er í samræmi við ákvörðun sem stofnunin tekur með vísan til þessara rammaákvæða.

64. Þessar skýrslur verða birtar á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA.
65. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst gefa út endurskoðaða útgáfu af þessum rammaákvæðum eigi síðar en 31. janúar 2017.

#### **4 Skilyrði og kvaðir sem mælt er fyrir um í ákvörðunum Eftirlitsstofnunar EFTA**

66. Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. II. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að binda jákvæða ákvörðun skilyrðum sem uppfylla þarf til að aðstoð geti talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins og getur hún mælt fyrir um kvaðir til þess að unnt sé að fylgjast með því að ákvörðuninni sé hlítt. Þegar um ræðir þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu getur reynst nauðsynlegt að kveða á um skilyrði og kvaðir sem miðast einkum að því að tryggja að aðstoð við hlutaðeigandi fyrirtæki hafi ekki í för með sér óhóflega röskun samkeppni og viðskipta á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu tilliti getur reynst nauðsynlegt að mæla fyrir um reglulega skýrslugjöf eða aðrar kvaðir með hliðsjón af sérstökum aðstæðum í tengslum við hverja tegund þjónustu með almenna efnahagslega þýðingu um sig.

#### **5 Beiting**

67. Þessum rammaákvæðum verður beitt af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA frá 31. janúar 2012.
68. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst beita meginreglunum, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, gagnvart öllum áformuðum aðstoðarráðstöfunum sem henni berast tilkynningar um og taka ákvörðun um slík áform í samræmi við þær reglur, jafnvel þótt tilkynningarnar hafi borist fyrir 31. janúar 2012.
69. Eftirlitsstofnun EFTA hyggst beita meginreglunum, sem fram koma í þessum rammaákvæðum, gagnvart ólögumætri aðstoð sem hún tekur ákvörðun um eftir 31. janúar 2012 jafnvel þótt aðstoðin hafi verið veitt fyrir þann tíma. Hafi aðstoðin verið veitt fyrir 31. janúar 2012 gilda þó ekki reglurnar sem fram koma í 14., 19., 20., 24., 39. og 60. mgr.

#### **6 Viðeigandi ráðstafanir**

70. Tillögur Eftirlitsstofnunar EFTA um viðeigandi ráðstafanir í samræmi við 1. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól eru þær að stjórnvöld í EFTA-ríkjunum birti skrá um gildandi aðstoðarkerfi að því er varðar endurgjald fyrir almannaþjónustu sem nauðsynlegt er að breyta í samræmi við þessi rammaákvæði eigi síðar en 31. janúar 2012 og breyti slíkum kerfum í samræmi við rammaákvæði eigi síðar en 31. janúar 2014.
71. Því er beint til stjórnvalda í EFTA-ríkjunum að þau sendi Eftirlitsstofnun EFTA staðfestingu á samþykki sínu við ofangreindri tillögu um viðeigandi ráðstafanir eigi síðar en 29. febrúar 2012. Berist ekki svar verður litið svo á að hlutaðeigandi EFTA-ríki hafi ekki samþykkt tillöguna.

<sup>(26)</sup> Með áorðnum breytingum; samsteypt útgáfa er birt á vefsetri Eftirlitsstofnunar EFTA á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/media/decisions/195-04-COL.pdf>.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6851 – Baxter International/Gambro)**

**2013/EES/34/02**

1. Framkvæmdastjórninni barst 3. júní 2013 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið Baxter International Inc. („Baxter“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í sænska fyrirtækinu Gambro AB („Gambro“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Baxter: þróun, framleiðsla og markaðssetning á vörum sem notaðar eru við meðferð hjá sjúklingum sem þjást af dreyrasyki, ónæmissjúkdómum, smitsjúkdómum, nýrnasjúkdómum, áverkum og öðrum sjúkdómum, þrálátum eða sem þarfnast bráðameðferðar
  - Gambro: þróun, framleiðsla og sala á vörum og meðferð vegna blóðskilunar, áframhaldandi meðferðar vegna nýrnaskipta, blóðskilunar í lifur, meðferðar við mergæxli í nýrum, tengdum vatnskerfum og annarri meðferð utan frá fyrir langveika og bráðveika sjúklinga
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 165, 11. júní 2013). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6851 – Baxter International/Gambro, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6906 – KKR/Gardner Denver)**

2013/EES/34/03

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 4. júní 2013 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem bandaríska fyrirtækið KKR & Co. L.P. („KKR“) öðlast með verðbréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í bandaríska fyrirtækinu Gardner Denver, Inc. („GDI“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - KKR: margvísleg eignastýringarþjónusta utan hefðbundinna markaða fyrir opinbera markaðsfjárfesta og einkafjárfesta og fjármagnsmarkaðarlausnir fyrir fyrirtækið sjálft, fyrirtæki í eignasafni þess og viðskiptavinum
  - GDI: framleiðsla og sala á iðnaðarþjöppum, blásurum, pumpum, hleðsluörpum og eldsneytiskerfum
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðar EB. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt samrunareglugerð EB <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 167, 13. júní 2013). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.6906 – KKR/Gardner Denver, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
J-70  
B-1049 Brussels

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerð EB“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32 („tilkynning um einfaldaða málsmeðferð“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál COMP/M.6951 – Bain Capital/FTE)**

2013/EES/34/04

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. júní 2013 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækið Bain Capital Europe Fund III, L.P., sem er hluti hins bandaríska Bain Capital Investors, LLC. („Bain Capital“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðar EB, í þýska fyrirtækinu FTE Verwaltungs GmbH („FTE“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Bain Capital: fyrirtæki, sem fjárfestir í óskráðum félögum, með starfsemi um heim allan og innan flestra framleiðslugreina, m.a. upplýsingatækni, heilbrigðisþjónustu, smásölu og neytendavöru, fjarskipta, iðefna, fjármála og iðnframleiðslu
  - FTE: framleiðslufyrirtæki sem starfar á heimsvísu, einkum að þróun, framleiðslu og sölu á virkjunarkerfum fyrir vökvakúplingu og á vökvabremsukerfum og íhlutum
